


Skipulag ríkisins

Geymslueintak

Má ekki fjarlægja



Deiliskipulag Hveravalla

1997





Deiliskipulag Hveravalla
1997

April 1997

Páll Hjaltason arkitekt
Gunnar Guðnason arkitekt

Nýja Teiknistofan ehf

Slóumúla 20
108 Reykjavík
Sími. 568 8899
Fax. 568 0868
Netfang. arkitekt@islandia.is

Efnisyfirlit

3	Formáli
5	Inngangur
5	Stefnumótun í ferðapjónustu
8	Ástand Hveravalla
9	Miðhálandi Íslands
11	Greinargerð
11	Staðsetning þjónustuhúss
14	Bílastæði
15	Tjaldstæði
16	Þjónustuhús
20	Núverandi mannvirki
22	Hitaveita og lagnir
26	Deiliskipulagskort
27	Fylgiskjöl
28	Bréf til Náttúruverndarráðs
29	Fundur með Náttúruverndarráði
31	Fundur með Ferðafélagi Íslands
32	Fundur með Veðurstofu Íslands
33	Fundur með Orkustofnun
34	Samtal við forseta Ferðafélags Íslands
35	Aðrir aðilar sem talað var við
36	Fylgibréf með deiliskipulagstillögum
37	Bréf frá Ferðafélagi Íslands
41	Ástæður framkvæmdaraðila fyrir skipulagi Hveravalla
42	Ástæður framkvæmdaraðila fyrir breytingu á aðalskipulagi
43	Bréf til Ferðafélags Íslands
44	Fundur með framkvæmdaraðilum og F.Í. á Blönduósi
47	Bréf frá Veðurstofu Íslands
49	Bréf frá Ferðafélagi Íslands
50	Skipulag Ferðafélags Íslands af Hveravöllum
58	Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, eftirlit á Hveravöllum 1995
59	Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, eftirlit á Hveravöllum 1996
61	Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, umsögn um deiliskipulag 1996
62	Fundur með fulltrúum Ferðamálaráðs
63	Fundur með Landssambandi íslenskra vélsleðaeigenda
64	Úrdráttur úr Svæðaskipulagi miðhálandis Íslands 1995-2015
76	Úrskurður umhverfismálaráðuneytis á kæru F.Í. vegna aðalskipulags Svínvatnshrepps

Fylgirit

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda fylgir þessu deiliskipulagi

Formáli

Deiliskipulag það sem hér fer á eftir hefur verið í vinnslu í nokkuð langan tíma, margir hafa lagt hönd á plóginn og hefur skipulagsferlið verið allflókið. Með tilliti til þessa þykir rétt að rekja stuttlega sögu skipulagsins sem er unnið á grundvelli samþykkt aðalskipulags Svínavatnshrepps. Aðalskipulagið var samþykkt árið 1992 og hefur gildistíma til 2012.

Haustið 1994 voru höfundar deiliskipulagsins ráðnir til að vinna skipulag fyrir Hveravelli, á grundvelli samþykkt aðalskipulags, af svokallaðri Hveravallanefnd. Hún var skipuð hreppstjórum Svínavatns- og Torfalækjarhreppa auk stöðvarstjóra Blönduvirkjunar.

Fyrsta verk höfunda var að tilkynna öllum helstu hagsmunaaðilum að deiliskipulag Hveravalla væri í vinnslu og óska eftir fundi og samstarfi með þeim. Þeir voru Ferðafélag Íslands (sjá bls.31), Veðurstofa Íslands (sjá bls.32) og Embætti yfirdýralæknis (sjá bls.35) auk þess var það kynnt fyrir Náttúruvernd ríkisins (sjá bls.28og 29), Orkustofnun (sjá bls.33) og Skipulagi ríkisins (sjá bls.35).

Gott samstarf náðist með öllum hagsmunaaðilum og höfðu þeir markverð áhrif á þróun skipulagsins. Í lok árs 1994 lágu fyrir drög að skipulagi og var það þá kynnt fyrir framkvæmdaraðilum. Í byrjun árs 1995 voru tillögur höfunda síðan sendar öllum ofanefndum hagsmunaaðilum auk Ferðamálastjóra Íslands og þær sérstaklega kynntar þeim sem þess óskuðu.

Forseti Ferðafélag Íslands, lýsti yfir áhyggjum varðandi ýmislegt er fram kom í deiliskipulagstillögunum (sjá bls.37) og fyrir milligöngu höfunda var haldinn fundur með fulltrúum Svínavatns- og Torfalækjarhreppa annars vegar og Ferðafélags Íslands hins vegar. Sá fundur var haldinn á Blönduósi 24. 2. 1995 (sjá bls.43). Á þessum fundi var samþykkt að höfundar deiliskipulagsins hefðu samband við arkitekt F.Í., sem hafði unnið skipulagsdrög af Hveravöllum fyrir Ferðafélagið.

Á þeim fundi var m.a. skipst á skipulagsgögnum og kom í ljós að hugmyndir arkitekts F.Í. um framtíðarskipulag Hveravalla voru í öllum meginráttum samhljóða hugmyndum höfunda (sjá Skipulag F.Í. af Hveravöllum, bls.50). Í tillögum arkitekts F.Í. voru sýndar tvær mögulegar staðsetningar á þjónustuhúsinu og í samræðum kom í ljós að tillaga 1 hafði þótt fýsilegri. Sú tillaga gerir ráð fyrir sömu staðsetningu og byggingarstærð og deiliskipulag. Auk þess gerir skipulagstillaga F.Í. ráð fyrir að Nýi skáli og kamrar ásamt bílastæðum verði fjarlæggt. Var litið á þetta sem samþykki á þeirri stefnu sem deiliskipulagið tók.

Inngangur

Búast má við miklum breytingum á næstu árum á mynd Íslands sem ferðamannalandi og vakning er meðal landsmanna á hvers kyns náttúruvernd og útiveru. Með aukinni meðvitund þjóðarinnar á sérstöðu landsins sem mengunarlausri náttúruparadís, "lífrænu svæði", má búast við auknum straumi ferðamanna hingað sem eru upplýstir um umhverfismál og vilja njóta þessarar óspilltu náttúru. Ennþá er mynd Íslands að mörgu leyti ósannfærandi og gera þarf auknar kröfur til þeirra mannvirkja sem reist eru til að þjóna hinum síukna fjölda ferðamanna.

Stefnumótun í ferðapjónustu

Halldórs Blöndal samgöngumálaráðherra segir svo í formála ritsins Stefnumótun í ferðamálum, 2.útg. september 1996,

"Við viljum setja okkur það markmið, að Íslendingar gegni forystuhlutverki á sviði umhverfisverndar og að ferðapjónustan sé rekin í anda sjálfbærar þróunar, í sátt við land og þjóð."

Síðar segir í kafla 2.1. Samantekt stefnumótunar:

"Saga, menning og mannlíf Íslendinga í fortíð og nútíð verði veigamikill þáttur í ferðapjónustu. Leggja skal áherslu á hið sérstaka og frábrugðna í menningarsögu Íslendinga, sem er samofin landi og náttúru. Ávallt verði gerðar miklar kröfur um faglega þekkingu þeirra sem þessa þjónustu veita.

Stefna ber að því að gistirými á Íslandi sá samkeppnishæft og að þjónustan verði í samræmi við mismunandi þarfir viðskiptavina

Tryggður verði frjálfs aðgangur ferðamanna að öllu landinu en þess jafnframt gætt að rekstur og uppbygging á ferðamannastöðum spilli ekki náttúru landsins og umhverfi og ferðamenn dreifist um landið til að minnka álag á einstaka staði.

Framtíðaruppbygging og skipulag staða og svæða taki mið af þörfum ferðapjónustu"

Deiliskipulag þetta er unnið að ósk og í umboði Svinavatns- og Torfalækjarhreppa í Austur Húnavatnssýslu.

Staðarlýsing

Hveravellir eru við Kjalveg hinn forna sem var alfaraleið milli Norður- og Suðurlands og hefur þar löngum verið gisti- og áningastaður. Hveravellir eru eitt stærsta hverasvæði landsins og liggja í kvos eða litlum dal milli Kjalhrauns og Breiðmels í um 630 metra hæð yfir sjávarmáli.

Hverabungan er mjög sérstök og hverirnir sem skipta tugum eru hver öðrum ólíkir, sumir gjósa gufustrókum, aðrir sjóða og enn aðrir eru spegilsléttir með bláleitu vatni. Hverahrúðurmyndunin er mikil eins og bungan sýnir og er hún óvenjufögur og flæðir vatnið niður hana í smástöllum. Hróðrið hefur ýmis litbrigði og er í þunnum flögum, þær efstu oft nærri glærar. Lækur rennur af hverabungunni og niður dalinn sem er grösugur þar til vatnið þrýtur.

Heimtröðin að Hveravöllum liggur ofan á sandöldu og er bílastæðið niður við lækjarbakkann neðan við hverabunguna. Tveir gistiskálar eru á staðnum, Gamli skáli er vel staðsettur vestan við bílastæðið og sunnan við hann er baðlaugin sem er eitt af sérkennum staðarins. Austan við bílastæðið er Nýi skáli og salernishús, þar eru einnig tveir aðrir skúrar, annar notaður sem geymsla og hinn gamall kamar. Norðan við bunguna stendur skúr sauðfjárveikivarna, á sumrin er hann hitaður með vatni sem er tekið beint úr Bóluhver og má sjá að hverahrúður hefur safnast saman sunnan við skúrinn. Sunnan við hverina, út í hrauninu, er steinhlaðið sæluhús með torfþaki og er það nýlega endurgert. Að lokum ber svo að nefna veðurathugunarstöðina sem stendur norðvestan við hverasvæðið, efst á sandöldu.

Gistiaðstaða er í dag að mörgu leyti ófullnægjandi og uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til þess konar mannvirkja. Athugasemdir heilbrigðisfulltrúa Norðurlands vestra er að finna á bls. 58 og 59.


Aðalskipulag Svínvatnshrepps 1992

"Á síðustu árum hefur ferðafólk lagt leið sína á Hveravelli í vaxandi mæli, sumar og vetur. Ekki er fyrirsjáanlegt lát á þessari þróun, frekar að enn muni vaxa straumur ferðamanna þangað, ekki síður fyrir þær bætur á Kjalvegi sem áform eru um.

Að dómi þeirra sem gerst þekkja, láta Hveravellir á sjá vegna umgengni og álags. Hver ber ábyrgð á því sem gerist á Hveravöllum og umhverfis þá? Á álaginu, skemmdunum, byggingunum, brunaslysum, gerlaböðum og ógöngum ferðamanna. Hálandi Íslands er ekki einskismannsland utan lögsögu.

Hveravellir eru friðlýst náttúruvætti samkvæmt íslenskum náttúruverndarlögum með sérstakri reglugerð fyrir takmarkað og skilgreint svæði. Innan þess og umhverfis það gilda íslensk lög, reglugerðir og heilbrigðiskröfur.

Hveravellir eru í Svínvatnshreppi og í eigu Svínvatns- og Torfalækjarhreppa í Austur-Húnavatnssýslu."



Núverandi aðstaða á Hveravöllum, horft til austurs.

Aukin ásókn

Síðan aðalskipulagið var unnið hefur ásókn til Hveravalla aukist eins og höfundar þess spáðu. Haustið 1994 var síðasta stóra vatnsfallið, Seyðisá, brúað og unnið hefur verið að vegabótum á Kjálveg, einkum að norðanverðu.

Tilkynning um verndun Hveravalla:

Friðlýst svæði: Svæðið umhverfis hverina á Hveravöllum, sem lýstir eru sem náttúruvætti, er friðlýst svæði og samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum, 25. apríl 1975, eru mörk hins friðlýsta svæðis þessi:

(1) Að norðan ræður suðurhlið lóðar Veðurstofunnar svo langt sem hún nær til vesturs. (2) Þaðan sjónhending til suðvesturs í klofinn hraunhól. (3) Úr honum til austurs í annan hól tvíklöfinn, (Eyvindarrétt). (4) Þaðan liggja mörkin að suðurenda skeifulaga tjarnar og (5) áfram upp á hábungu sandöldunnar austan hverasvæðisins. (6) Af henni til norðurs eins og aldan liggur upp á aðra sandöldu og (7) þaðan í austurhorn Veðurstofulóðar.

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

- 1 Bannað er að raska útliti hveranna, brjóta úr skálum þeirra og henda í þá grjóti eða öðru.
- 2 Mannvirkjagerð öll og jarðrask á svæðinu er háð leyfi Náttúruverndarráðs. Ferðafélagi Íslands skal þó heimilt að hafa áfram skála en samráð skal haft um staðsetningu, stærð og gerð mannvirkja.
- 3 Gangandi fólk er heimil fór um svæðið og dvöl þar í lögmætum tilgangi enda sé snyrtimennsku gætt og farið að settum reglum
- 4 Akstur utan vega og merktra slóða er stranglega bannaður.

Ástand Hveravalla

Ljóst er að mikið álag er á friðlýsta svæðinu og víða pottur brotinn í umgengni við hverina. Húsakostur er margur mjög óhrjálegur og hús hafa verið sett niður í leyfisleysi eða með bráðabirgðaleyfum. Rétt er að taka fram að árið 1975 þegar Hveravellir voru lýstir náttúruvætti stóð aðeins steinhlaðna sæluhúsið, gamli skáli F.Í. og veðurathugunarstöðin á svæðinu.

Hálendið er mjög viðkvæmt og jarðvegssár þar lengi að gróa og segja má að ástand landsins þarna sé að nálgast hættumörk. Hinsvegar verður að fara með mikilli gát við uppbyggingu svæðisins og forðast verður að gera Hveravelli að alhliða fjölfarinni ferðamannamiðstöð á hálendinu.

Samkvæmt aðalskipulagi er gert ráð fyrir að framtíðarþjónustan á Hveravöllum miðist við þá þjónustu, sem nú þegar er veitt en að öll aðstaða verði bætt svo að hún svari þeim kröfum sem settar eru og reglugerðir krefjast.

Aðalskipulag Svínavatnshrepps 1992

"Meginhugmyndin að baki Hvin (þjónusthús á Hveravöllum) er sú, að létta álagi af friðlýsta svæðinu með samstarfi þeirra sem á Hveravöllum hafa starf með höndum og ábyrgð og með samstarfi við ferðaþjónustu á láglandi.

Samstarfið milli þjónustu á láglandi og á hálendi þarf að vera náð og á nokkrum sviðum, sem í aðalskipulaginu miðast við:

Að gera ferðafólki kleift að ferðast um og skoða landið, láglandi og hálendi. Að það skoðist sem tvær hliðar á sama máli, að gefa ferðafólki kost á hálendisferðum og vernda það - að þjónusta fólkið á láglandi.

Að samstarf byggist á verkskiptingu milli lágmarksþjónustu á hálendi og góðrar alhliða þjónustu á láglandi.

Að fræða ferðafólk um viðkvæma íslenska náttúru og einstök náttúrufyrirbæri, sögu, minjar, þjóðmenningu, sögulegt gildi og staði í samhengi við land og þjóð."

Miðhálendi Íslands

Í drögum að Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 1995 - 2015, Stefnumörkun í skipulagsmálum á miðhálendi Íslands, er gert ráð fyrir tveimur mannvirkjabeltum sem liggja þvert yfir hálendið með norður-suður stefnu um Sprengisand og Kjöl.

Skulu þjónustumiðstöðvar ferðamanna, jaðarmiðstöðvar og hálendismiðstöðvar jafnan staðsettar við aðalfjallvegi á mannvirkjabeltinu og gjarnan þar sem möguleikar eru á nýtingu jarðhita til upphitunar.

Gert er ráð fyrir í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands að Hveravellir verði ein af sjö hálendismiðstöðum landsins enda "ævaforð áningastaður á helstu hálendisleið milli landfjórðunga". Síðan segir: "Það sem einkum gerir staðinn eftirsóknarverðan er hverasvæðið sem hann dregur nafn sitt af og þeir gistimöguleikar sem þar eru fyrir hendi".

Uppbygging á Killi

Svæðaskipulagið gerir ráð fyrir að Áfangi við Áfangafell verði skilgreindur sem jaðarmiðstöð og komi til með að létta álagi af Hveravöllum. Önnur hálendismiðstöð verður staðsett í Árbúðum og jaðarmiðstöðin að sunnanverðu er síðan Geysir í Haukadal. Þessi uppbygging kemur til með að dreifa álagi af einstökum stöðum við Kjalveg, jafnframt því að veita hentuga áningarstaði eftir þessari fornu þjóðbraut.

“Hálendismiðstöðvar eru þjónustumiðstöðvar ferðamanna í nánd við aðalfjallvegi (stofnvegi) hálendisins. Starfssemi miðstöðvanna tengist alhliða ferðamennsku, þar með talin þjónusta við vetrarumferð, veiðimenn, hestamenn og skíðafólk. Gott vegasamband og samfelldur rekstur a.m.k. 2-4 mánuði á ári. Gisting er í ríkara mæli í húsum en á tjaldsvæðum og þjónustustig almennt lægra en á jaðarmiðstöðvum. Gerðar eru sömu kröfur varðandi meðferð frárennslis og sorps og á jaðarmiðstöðvum” (sjá bls 60).

Verndun óbyggðar

Alls ekki má rísa húsaþyrping á staðnum heldur á nýja þjónustan að fara fram í einni látlausri og vandaðri byggingu. Tekið er undir sjónarmið Náttúruverndar ríkisins að ekki megi myndast vísir að þorpi á Hveravöllum eða dreifa þjónustumannvirkjum um svæðið. Þvert á móti skal stefnt að því að fækka mannvirkjum, Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að hið nýja þjónustuhús leysi 5 hús eða kofa af hólmi. Ferðaþjónustan á Hveravöllum verður þá í þremur húsum : Gamla skála, steinhlaðna sæluhúsinu og nýja þjónustuhúsinu.

Greinargerð

Aðkoma

Uppbygging Hveravalla þarf að byrja strax á aðkeyrslunni frá vegamótum við Kjalveg með því að setja upp látlaust skilti og tryggja að nýja vegstæðið falli vel að landinu. Forðast ber skemmdir á Breiðmel eins og frekast er unnt og nota skal efni úr melnum. Gerð er grein fyrir tillögum um efnistöku í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Frá nýju heimtröðinni verður hægt að sjá vestur dalinn inn að Hveravöllum og til hverabungunnar. Þjónustuhúsið er staðsett sunnan við veginn í dalverpi norður af núverandi nýja skála F.Í., í um 300 metra fjarlægð frá hverabungunni (sjá kort bls 26).

Staðsetning þjónustuhúss

Hverirnir eru friðaðir sem náttúruvætti og friðlýsta svæðið í kring um þá er til að hindra að nokkuð komi til með að skyggja á þá. Er það einn af útgangspunktum deiliskipulagsins að sem minnst beri á mannvirkjum og bifreiðum þegar gengið er um hverasvæðið. Nýbyggingin skal falla vel að landinu og bílastæðin geta verið lítt áberandi þar sem þau samlagast melnum. Þessi staðsetning er breyting frá aðalskipulagi þar sem þjónustuhúsið var staðsett mun austar og sást allt frá hverabungunni.

Staðsetning byggingarinnar skal vera vestarlega í dalverpinu utan í sandöldu sem skyggir á hverasvæðið til suðvesturs. Austan við slakkann er flatlendi sem er ákjósanlegt fyrir bílastæði. Þessi staðsetning hefur í för með sér lágmarks jarðrask auk þess sem þjónustuhúsið er þá í skjóli fyrir norðan og vestanátt.

Suðurendi hússins, þar sem móttökusalurinn er, teygir sig fram fyrir sandölduna þannig að hægt verður að horfa þaðan til hverasvæðisins. Að öðru leyti verður húsið og allt bílastæðið í hvarfi frá hverabungunni.

Ekki er ráðlegt að fara alveg niður fyrir brekkuna með húsið vegna snjóalaga sem safnast undan henni. Starfsfólk veðurathugunarstöðvarinnar hefur mælt snjóalög í slakkanum á síðastliðnum vetrum og merkt með hælum. Þær athuganir hafa hjálpað til við að ákvarða endanlega staðsetningu byggingarinnar.



Gistiaðstaða eins og hún lítur út í dag, séð frá hverabungunni, horft er til austurs og fremst má sjá hverahrúðrið sem safnast hefur upp vegna vatnsútfellinga í gegnum aldirnar. Næst til hægri er Gamli skáli F.Í. og er baðlaugin hægra megin við hann. Fjær má sjá blástæðið með Nýja skála F.Í. og salernishúsi sunnan við það. Þessi mynd var tekin síðastliðið haust í miðri viku og var fámennnt á staðnum. Yfir háannatímann setur yfirfullt blástæðið enn sterkari svip á staðinn. Aðeins sést í tjaldstæðið á lækjarbakknum lengst til hægri á myndinni.



Útsýn frá hverasvæðinu miðað við fyrirhugaðar breytingar, Gamli skáli F.Í. stendur áfram undir hverabungunni og nýja þjónustumiðstöðin sést vinstra megin á myndinni. Það eina sem er sjáanlegt af nýbyggingunni er móttökusalurinn, annars er allt húsið og bílastæðið í hvarfi frá hverunum.

Það er einn af útgangspunktum skipulagsins að ekki beri mikið á mannvirkjum þegar hverasvæðið er gengið. Er það í samræmi við ástæður þess að friðlýsa svæði umhverfis náttúruvætti, en það er gert til að ekkert verði byggt það nálægt að það gæti skyggt á náttúruundrið. Er þetta sérstaklega mikilvægt á Hveravöllum þar sem fegurðin er ekki í hinu stóra og hrikalega heldur í hinu smá og fíngerða, sem er enn viðkvæmara fyrir sjónrænni truflun.

Röksemdir fyrir nýrri staðsetningu þjónustuhúss eru einkum þessar:

- 1 Til að varðveita hálendið sem óbyggt víðerni fer betur á því að hafa bygginguna staðsetta í lægð þar sem hún fellur inn í landslagið, auk þess mun sá staður vera töluvert skjólsælli en sá sem aðalskipulagið gerir ráð fyrir.
- 2 Hægara er að stjórna umferð um svæðið frá þessum stað en hætt er við að fólk aki annars framhjá þjónustuhúsinu og leggi nær hverunum.
- 3 Byggt er á jaðri friðlýsta svæðisins og öll bílastæði og umferð er utan þess.
- 4 Öldruðu fólk og þeim sem ekki hafa fulla hreyfigetu er auðveldað að njóta hverasvæðisins.
- 5 Síðast en ekki sist er nýting frá hverunum til hitunar húsa, illframkvæmanleg fjær þeim, en hún auðveldar mjög að hægt sé að byggja upp þjónustu á svæðinu.

Bílastæði

Bílastæði og aðkoma eru þannig úr garði gerð að langferðabifreiðar geti lagt í sér stæði (5 stæði), og auðveldlega snúið við án þess að trufla aðra umferð.

Gert er ráð fyrir að nýja bílastæðið falli inn í melinn eins og hægt er með því að nota efni úr Breiðmel (sjá Matsskýrs 1u, 2. og 3. hluta), bæði möl og grjóthleðslur, auk þess verða eyjar á bílastæðinu malarhólar sem munu hjálpa enn frekar til að fella það inn í landið. Forðast verður þó allt óþarfa rask í Breiðmel. Hið nýja bílastæði er heldur minna en núverandi stæði, en vegna lögunar sinnar nýtist það mun betur. Gamla stæðið er alls um 310 fm en það nýja er um 305 fm þegar ekki eru teknir með malarhólar á stæðinu sem hjálpa til að fella bílastæðið inn í landið.

Þar verða, auk venjulegra bílastæða (47 stæði), stæði fyrir bíla með hjólhýsi eða tjaldvagna (10 stæði). Í tengslum við aðkomusvæðið er slóði sem liggur á stæði fyrir eldhúsbíla og eldhústjöld. Ekki er gert ráð fyrir að tæming úrgangs frá eldhúsbílum og húsvögnum eigi sér stað á svæðinu heldur fari hún fram á til þess gerðum stöðum á láglandi.

Bílastæðið og nýja heimkeyrslan niður að staðnum er forhannað í mati á umhverfisáhrifum í um 500 metra norður af þjónustuhúsinu en sérstakt mat þarf að gera fyrir afleggjarann þaðan að Kjalvegi þegar þar að kemur (sjá Matsskýrs 1u, 1. hluta).

Tjaldstæði

Ný tjaldstæði verða ræktuð upp í norðanverðum dalnum. Gerð hefur verið umfangsmikil gróðurrannsókn á Hveravöllum (sjá Matsskýrslu, 3. hluta) og er þar sýnt fram á hvernig best muni vera að standa að ræktun svo það muni líta út eins og eðlilegt framhald grasi gróinna lækjarbakkanna. Þar sem gróður er mjög viðkvæmur á svæðinu verður tjaldssvæðið að vera þannig skipulagt að auðvelt sé að hvíla mismunandi hluta þess til gróðurverndar. Lagt er til að tjaldsvæðinu verði skipt í þrjá hluta, þar sem hvert svæði hefur sín landfræðilegu einkenni (sjá Matsskýrslu, 3. hluta og bls. 26).

Til að minnka álag á landið þarf að leggja göngustíga um tjaldsvæðið. Göngustígar þurfa að falla vel að landinu gerðir úr efni frá staðnum, á tjaldstæðinu þurfa einnig að vera ruslatunnur, steinhrúgur til að fergja tjöld og grillastaða sem væri lág steinhleðsla hlaðin úr grjóti frá staðnum.

Eins og fyrr segir þarf að rækta upp melinn norðan við lækjarbakkana, einnig þarf víða að græða jarðvegssár, svo sem í dalbotninum þar sem gróðureyðing hefur orðið vegna álags frá tjöldum og vatnsaga frá bílastæði. Meðfylgjandi Matsskýrsla, 3. hluti, sýnir fram á hvernig best er að standa að því.

Allt bendir til að Hveravellir hafi verið mikið meira grónir áður fyrr en nú er og því vel við hæfi að auka þar graslendi, en dalbotninn er í dag leirkenndur og verður fljótt að svaði ef blautt er.

Í Íslandslýsingu Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar frá árinu 1752 segir meðal annars að Hveravellir séu mikill grösugur dalur, sem vel mætti búa í, ef hann lægi ekki svo hátt uppi við norðanverðan Baldjökul.

Gönguleiðir

Vel merkt og skipulagt göngustígakerfi um Hveravelli er eitt af því sem er nauðsynlegt til að staðurinn geti tekið við þeirri umferð sem um hann fer í dag. Mikilvægasta gönguleiðin er leiðin upp á hverabunguna um timburstíga og þaðan til baka um hraunið og yfir lækinn á göngubru við núverandi bílastæði. Hefur þessi leið verið nefnd Fræðslustígur.

Göngubrautir úr timbri eru umhverfis hverina og eru þær til mikilla bóta, hlífa bungunni greinilega við ágangi ásamt því að auka öryggi gesta. Timburstígarnir sýna greinilega að fólk fylgir stígum ef vel er staðið að þeim. Bæta á við stígana um hverabunguna, einkum til vesturs að Heimilshver (sjá Matsskýrs 1u og kort bls.26).

Núverandi göngustígar verða lagfærðir, bera þarf mól í stígana í hrauninu þar sem þeir fyllast af vatni þegar rignir. Allir stígar skulu vera eðlilegir í náttúrunni og á sama tíma verða þeir að vera skýrt afmarkaðir svo fólk villist ekki út af þeim, göngustígar á tjaldstæðinu og fræðslustígar skulu vera það breiðir að fólk geti mæst án þess að þurfa að stíga út af þeim, verða þeir 1,5 metra breiðir, aðrir stígar eru 0,6 metrar. Í stígagerð eins og annars staðar skal nota efni frá staðnum eins og kostur er.

Nýir stígar verða lagðir austur lækjarkakkana og austur Kjalhraun (sjá kort bls. 26). Afmarkaðir göngustígar verja viðkvæma náttúruna og auk þess myndu ferðamenn þá dreifast meira um landið því mjög fagrar gönguleiðir eru, bæði út í Kjalhraun og austur með hveralæknum.

Merkja þarf hverina og skulu allar merkingar vera látlausar, einfaldar og skýrar. Það er til mikilla bóta að nú er til nákvæmt kort af hverasvæðinu þar sem búið er að taka saman þau nöfn sem hverunum hafa verið gefin (sjá Matsskýrs 1u, 2. hluta).

Þjónustuhús

Þjónustuhúsið er mótað af náttúreinkennum staðarins og næsta nágrennis en auk þess er útsýni og skjólmyndun höfð að leiðarljósi.

Byggja skal úr náttúruvænum endingargóðum efnum, og er lögð áhersla á íslenska framleiðslu og handverk. Einnig mætti hugsa sér að tengja bygginguna sögu landsins, bæði fornsögu og þjóðsögu.

Eins og fyrr segir þurfa efni og litir að falla vel að náttúrunni og æskilegt væri að tyrfa þak, etv. að hluta og hlaða steinveggi. Einnig er lagt til að jarðvegi verði ýtt upp að húsinu að hluta til, svo það falli betur inn í landið.

Húsið er ein hæð með hámarksþakhalla 25°, og er þakform frjálst. Sökkull er steypur svo að hægt sé að setja jarðveg upp að því og fella það inn í landið.

Innra skipulag þjónustuhúss

Byggingin mun samanstanda af fjórum meginþáttum; móttöku, gistirými, þjónusturými og vistarverum fyrir starfsfólk. Meðfylgjandi teikningar sýna frumdrög af þjónustuhúsi, tengingu milli rýma og herbergja stærðir.

Móttökusalur

Í fyrsta lagi ber að nefna móttökurýmið, sem verður nokkurs konar "almenningur" fyrir alla þá sem koma á svæðið. Þaðan þarf að vera gott útsýni yfir hverabunguna og þar ætti fólk að geta fengið upplýsingar um Hveravelli, tyllt sér niður og keypt sér einfaldan mat t.d. kjötsúpu, kaffi og einfalt þjóðlegt meðlæti. Slík matsala gæti verið jákvæð og dregið úr matseld á svæðinu. Skjólgóð verönd er sunnan við bygginguna og gæti móttökusalurinn opnast út á hana á góðviðrisdögum.

Þessi salur er fyrsta reynsla ferðafólks af svæðinu, og þarf að vera aðlaðandi og í skýru samhengi við umhverfið. Gæti það örvað fólk til að ganga með virðingu um hið viðkvæma náttúruvætti. Góður aðbúnaður hvetur til bættrar umgengni.


Viðvalarherbergi fyrir hópa í dagsferðum er í tengslum við móttöku, mögulegt verður að aðskilja það rými frá meginsalum með stórrí rennihurð. Geta hópar leigt þennan sal til funda, geymt plögg sín og snætt nesti, en innangengt er úr því í eldhús.

Eldhús er tvískipt, annars vegar fyrir einfaldar veitingar sem boðið verður upp á í móttökusal og hins vegar eldunaraðstaða fyrir næturgesti sem vilja elda eigin mat. Ekki verður sælgætissala eða "sjoppa" í húsinu en mögulegt er að hafa sölu á íslenskum handiðnaði.

Gistirými

Annar og jafnframt stærsti hluti hússins er gestaherbergjaálma. Hæfileg byrjunarstærð virðist vera um 80 rúm. Boðið verður upp á þrenns konar gístiaðstöðu, í fyrsta lagi 15 manna svefnskála, í öðru lagi 5 manna herbergi og í þriðja lagi 3ja manna herbergi. Herbergin eru lítil en vel nýtt og skipulögð, á það raunar við um alla bygginguna.

Frumdrög að þjónustuhúsi



Stærðaráætlun þjónustuhúss

Gistirými Samkvæmt heilbrigðisreglugerð kafla VII, gr. 69.2: "Í svefnrymum gistiskála skal miðað við að ekki komi minna rými en 6 rúmmetrar á hvern gest". Miðað við 2.5 m lofthæð er flatarmál á gest 2.4 fm. 78 gestir þurfa þ.a.l. um 188 fm.

Aðstaða starfsmanna. Samkvæmt heilbrigðisreglugerð kafla VII, gr. 69.2: "Gólfplötur eins manns svefnherbergis skal vera a.m.k. 7 fm og tveggja manna herbergis 12 fm. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir fimm starfsmönnum, alls 42 fm.

Herbergi fyrir hópa í dagsferðum, Miðað er við að þetta herbergi geti tekið á móti 60 manns eða sem svarar farþegum einnar rútu. Heilbrigðisreglugerð VIII gr. 65.1 segir til um að hverju gesti skuli ætla a.m.k. 0.9 fm. gólfplöt. Alls um 55 fm.

Móttökusalurinn er miðja hússins, þar verða seldar einfaldar veltingar og þaðan er gott útsýni til hverabungunnar. Æskilegt er að móttökusalurinn geti tekið á móti u.þ.b. 120 manns, eða farþegum tveggja rúta. Alls um 110 fm.

Önnur rými:

Eldhús	um 40 fm
Geymslur	um 30 fm
Gangar	um 60 fm
Veggir	um 60 fm
Salerni	um 40 fm

Alls er áætlað að þjónustuhúsið verði um 625 fm

Þjónusturými fyrir tjaldsvæði

Í þriðja hluta þjónustuhússins er rúmgott anddyri þar sem gestum er gert kleift að fara úr skóm og yfirhöfnum. Þar er einnig hreinlætisaðstaða, þurrkherbergi og geymsla sem getur annað auknum og fjölbreyttum straumi ferðamanna á svæðinu. Mun þjónusturýmið nýtast bæði gestum hússins og tjaldsvæðisins.

Á votviðrisdögum þurfa hestamenn, ásamt hjólreiðamönnum og göngugörpum að þurrka plögg sín og á veturna getur þurft að koma snjósleðum í hús. Dyrnar verða það hátt á vegg að hægt sé að koma sleðum inn þó snjópungt sé.

Heit útilaug er við þessa álmu og mun hún ásamt búningsaðstöðu minnka álagið af gömlu lauginni á sumrin og veita þeim baðaðstöðu sem þangað vilja fara.

Aðstaða starfsfólks

Fjórði og síðasti hluti þessarar byggingar er síðan aðstaða fyrir starfsfólk. Koma þarf upp húsnæði fyrir starfsmenn hins nýja þjónustuhúss og auk þess þurfa allir þeir sem nú vinna á Hveravöllum (nema veðurathugunarmenn) þ.e. landverðir, starfsmenn Náttúruverndarráðs og Sauðfjárveikivarna að fá inni í húsinu. Búast má við að starfsfólk svæðisins verði alls um 5 manns.

Niðurlit

Töluverða vinnu þarf að leysa af hendi á svæðinu til að fjarlægja úr sér gengin og illa staðsett mannvirki.

Fjarlægja þarf nýja skála F.Í. ásamt kömrum og sömuleiðis skúra sauðfjárveikivarna og landvarða. Ganga þarf vel frá og rækta upp sár þau er myndast við niðurrifið.

Fjarlægja þarf gamla vegstæðið af melnum við Hveravelli og sömuleiðis núverandi bílastæði. Einnig verður tyrft dæluhús og uppræktaður garður yfir kaldavatni til veðurathugunarstöðvar fjarlægt, meta þarf hvar á að rækta upp jarðvegssár og hvar á að bera í mól úr Breiðmel. Nota skal yfirborðsefni úr nýja vegstæðinu og ofan af malarnámu til græða sár á melnum. Meðfylgjandi skýrsla, Gróður á Hveravöllum, skýrir frá því hvernig best mun vera að standa að slíkri ræktun en þetta mun vera í fyrsta sinn þar sem skipulega verður reynt að rækta land á hálendinu þannig að því verði skilað til náttúrunnar í upprunalega mynd.

Það sem stingur einna mest í augu, þegar staðurinn er heimsóttur, er frágangur lagna og má sjá þar fyrstu reglu í friðunarlögum Hveravalla þverbrotna. Það verður þó að athuga að erfitt hefur verið að virkja hverina til upphitunar húsa sökum þess að hverasvæðið breytist stöðugt. Fjarlægja þarf allar þær lagnir sem liggja ofanjarðar í dag og koma nýjum lögnum þannig fyrir að sem minnst beri á þeim (sjá Matsskýrslu, 1. og 2. hluta).

Núverandi mannvirki

Eftir munu standa þrjú hús á Hveravöllum auk hins nýja þjónustuhúss, það eru hús Veðurstofu Íslands, steinhlaðna sæluhúsið og gamli skáli Ferðafélags Íslands

Veðurathugunarstöð

Veðurstofan lét reisa veðurathugunarstöð á hæð norðan við hverasvæðið árið 1965 að fengnu byggingarleyfi og hefur verið fóst búseta þar síðan. Veðurstofuhúsið verður enn um sinn á hæðinni. Aðalskipulag gerir ráð fyrir því að það verði fært á skipulagstímabilinu (fyrir 2012). Rétt þykir að hafa náð samráð við Veðurstofu Íslands um framtíð þess, en stefnt skal að því að það tróni ekki yfir hverasvæðinu um alla framtíð.

Sæluhús

Gamalt torf- og steinhlaðið sæluhús var byggt árið 1922 við hraunjaðarinn suðvestan við hverasvæðið. Það er til þýði og lofsvert framtak hjá Náttúruverndarráði að sjá um að gera það upp.

Hugmyndir eru uppi hjá Náttúruverndarráði um að nýta sæluhúsið í framtíðinni til kynningar á Hveravallasvæðinu. Einnig var það nefnt að sæluhúsið gæti orðið nokkurskonar miðstöð fyrir göngufólk. Gæti þetta orðið staðnum til framdráttar og sjá enn frekar til þess að dreifa gestum um svæðið.

Skáli Ferðafélags Íslands

Gamli skáli Ferðafélagsins var reistur 1938, og stendur neðan við hverabunguna þar sem hveralækurinn rennur fram af kísilbungunni. Baðlaug er við húsið og er hveravatni veitt í hana.



Horft yfir Hveravelli til austurs, eftir fyrirhugaðar breytingar.

Laugin sunnan við skálann hefur verið eitt helsta aðdráttarafl staðarins síðustu áratugina. Æskilegt er að laugin fái að halda sér, en sjá þarf til þess að gegnumstreymi myndist í henni svo hún hreinsi sig sjálf. Með góðu gegnumstreymi í lauginni og ef fólki er gert kleift að komast í sturtu í þjónustuhúsinu áður en farið er út í, getur laugin haldið áfram að vera eitt af einkennum Hveravalla.

Hitaveita og lagnir

Húsakynni á staðnum eru öll hituð með vatni úr tveimur af hverunum. Frumhönnuð hefur verið hitaveita fyrir staðinn með það að markmiði að ekki verði lýtir á hverabungunni. *Nýi hver* hefur verið valinn til virkjunar, bæði vegna þess að hann er hveraaugað. Verður vatni veitt úr honum niður að gamla skála og settir þar varmaskiptar sem geta annað öllum þeim húsakynnum sem eftir munu standa á Hveravöllum. Hitaveita veðurathugunarstöðvarinnar í Bóluhver verður aflögð (sjá Matsskýrslu, 1. hluta).

Til að takmarka heitavatsnotkun á vetrum og til að forðast kuldabryr verður þjónustuhúsið mjög vel einangrað að utanverðu. Gluggar verða smáir nema í móttökusalnum, þar sem útsýn er yfir hverabunguna. Gert er ráð fyrir einangruðum hlerum sem loka flestum gluggum yfir vetrarmánuðina. Auk þess verður hægt að loka hluta af gistirýminu í miklum vetrarhörkum og halda því einungis frostfríu. Útreikningar í Matsskýrslu sýna áætlaða orkuþörf.

Farið hafa fram umfangsmiklar rannsóknir á hverasvæðinu á vegum Orkustofnunar og verða ákvarðanir um framtíðar hitaveitu byggðar á þeim (sjá Matsskýrslu, 1. hluta).

Vatnsveita

Skortur er á ferskvatni á Hveravöllum og næsta örugga vatnsból er að finna í Hvannavallakvísl, um 1 km norðan við staðinn. Verður þar borað eftir vatni og er tryggt að það mun ekki hafa áhrif á hverasvæðið (sjá Matsskýrslu, 2. hluta). Verður leiðsla lögð í jörð þaðan heim að þjónustuhúsinu (sjá Matsskýrslu, 1. hluta). Byggður verði safntankur í kjallara hússins og vatninu veitt þangað, allur frágangur skal vera samkvæmt ÍST 65. Áhersla verður lögð á að takmarka vatnsnotkun á staðnum, t.d. með sjálflokandi blöndunartækjum, salernum með lágmarks vatnkassa o.þ.h.

Sorp

Þjónustuhúsið skal sýna gott fordæmi hvað varðar flokkun og endurnýtingu sorps. Gámur verður staðsettur vestan við húsið. Allur úrgangur verður fluttur til byggða.

Rotþró

Byggja skal nýja rotþró með fullnægjandi siturlögn (sjá Matsskýrslu, 1. hluta og kort bls. 26).

Rafstöð

Setja þarf nýja rafstöð á staðinn fyrir rafmagnsframleiðslu, ganga þarf þannig frá henni að ekki myndist hljóðmengun. Verður rafstöðvarhúsið steipt og að hálfu leyti grafið inn í sandölduna vestan við húsið. Rafmagnsnotkun verður eins takmörkuð og mögulegt er, eldað með gasi og sparperur í ljósum.

Rafstöð skal vera ein hæð með hámarksþakhallu 25°, og er þakform frjálst. Sökkull er steiptur og skulu efni form og litir falla vel að landinu og uppfylla allar kröfur um frágang rafstöðva settar af Rafmagnsveitu ríkisins (sjá Matsskýrslu, 1. hluta).

Sími

Engar símalínur eru til Hveravalla og nota þarf farsíma.

Bensín og olfur

Bensínsala og geymsla fyrir olíur á Hveravöllum er viðkvæmt mál. Helstu mótrök gegn bensínsölu eru þau að mengunarhætta er af henni auk þess sem óæskilegt er að setja upp þess konar þjónustu á viðkvæmum náttúruperlum hálandisins. Hinsvegar hefur vetrarsala á bensíni á staðnum dregið mikið úr því að vélsleðafólk feli bensínbrúsa vítt og breytt um hálandið auk þess að vera öryggisatriði. Þó má alls ekki koma bensínstöðvar/sjoppu stimpill á staðinn.

Það er óheppilegt að geyma bensín eða olíu á veðurstofuhæðinni því ef leki kemur að tönkum gæti það spillt hverasvæðinu.

Lagt er til að áfram verði vetrarsala á bensíni á Hveravöllum (og neyðarsala á sumrin) en hún verði færð til þjónustuhússins.

Girðing

Að lokum ber að nefna að tímabært er að girða af hverasvæðið. Ágangur fjár í hverahrúðrið og viðkvæman gróðurinn er staðreynd og þarf að hindra hann. Það er samdóma álit höfunda meðfylgjandi Matsskýrs lu að það sé æskilegt.

Lokaorð

Ljóst er að Hveravallasvæðið þarf að geta tekið á móti miklum og stöðugt vaxandi straumi ferðamanna. Eins og komið hefur fram í þessari greinargerð er ástandið á Hveravöllum að nálgast hættumörk og er nauðsynlegt að allir hagsmunaaðilar sameinist um framtíðarskipan mála. Þeirri þróun sem hefur átt sér stað á svæðinu síðustu áratugi þarf að snúa við og hlúa að þessari viðkvæmu náttúruferlu svo að hún verði okkur öllum til sóma.

Við viljum þakka þeim fjölmörgu sem hafa aðstoðað og lagt hönd á plóginn við þessa skipulagsvinnu. Það hefur verið stórkostlegt hvað allir hafa lagt mikið á sig enda augljóst hverjum þeim sem kynnir sér málið að mikið er í húfi.

Reykjavík, apríl 1997

Páll Hjaltason arkitekt


Gunnar Guðnason arkitekt

Byggingar- og skipulagsskilmálar fyrir Hveravelli í Svinavatnshreppi

Aðalskipulag:	Skipulag þetta er í samræmi við staðfest aðalskipulag fyrir Svinatnshrepp.
Landlýsing:	Hveravellir eru eitt stærsta hverasvæði landsins og liggja í kvos eða litlum grösugum dal milli Kjalhrauns og Breiðmels í um 630 metra hæð yfir sjávarmáli. Lækur rennur af hverabungunni og niður dalinn.
Útivistarsvæði:	Hveravellir eru mjög skemmtilegt útivistarsvæði, hverabungan er friðuð sem náttúruvætti og er mjög sérstök, auk þess eru fagrar gönguleiðir út í Kjalhraun og víðar.
Aðkoma:	Ný aðkeyrsla verður gerð og er hún sýnd á uppdrætti.
Bílastæði:	Gert verður nýtt bílastæði sem mun taka 47 bíla, auk þess verða 10 bílastæði fyrir bíla með tjaldevagna eða hjólhýsi og 5 fyrir rútur.
Tjaldsvæði:	Tjaldstæðið verður flutt af lækjabökkunum og ræktað upp nýtt graslendi fyrir hluta þess, sjá uppdrátt.
Stærð lóðar:	Lóðin fyrir þjónustuhúsið er 100 x 160 metrar eða 1,6 hektarar.
Kalt vatn:	Kalt vatn verður tekið úr borholu við Hvannavallahvísl í um 1 km frá staðnum, sjá uppdrátt og Mat á umhverfisáhrifum.
Heitt vatn:	Heitt vatn verður tekið úr Nýjahver og virkjað í hitaveitu, sjá Mat á umhverfisáhrifum.
Girðing:	Svæðið verður girt og gert fjárhelt, sjá uppdrátt.
Rotþró:	Ný rotþró verður gerð fyrir svæðið, sjá uppdrátt.
Sorp:	Allt sorp verður flokkað, sett í gám og keyrt til Sauðárkróks.
Rafmagn:	Sett verður ný rafstöð á staðinn. Rafstöð skal vera ein hæð með hámarksþakhalla 25°, og er þakform frjálst. Hámarksstærð er 10 fm. Sjá byggingarreit á uppdrætti.
Sími:	Engar símalínur eru til Hveravalla og nota þarf farsíma.
Stærð þjónustuhúss:	Hámarksstærð þjónustuhúss er 625 fm og skal það vera á einni hæð.
Form þjónustuhúss:	Húsið skal falla vel að landinu og hafa skal í huga tenginu þess við umhverfið og snjóalög á vetrum.
Þakhalli:	Hámarksþakhalli er 25°, og er þakform frjálst. Miða skal við að þakið sjáist ekki frá hverbungunni.
Efnis- og litaval:	Byggingin skal vera úr náttúrulegum, endingargóðum og viðhaldslitlum efnum og skulu litir vera jarðarlitir. Steinhleðslur og torfþök eru leyfileg.
Staðsetning þjónustuhúss:	Það skal vera innan byggingarreits og gert í samráði við byggingarfulltrúa og byggingarnefnd Svinavatnshrepps.
Byggingarreitur:	Er sýndur á uppdrætti.

NOY VEUR
I ÞEYTHÚS

HEIMKEYRSLA
AF KJALVEGI



84

NOY VEUR
I ÞORFADALI

ÞORFADALI
I ÞORFADALI

- ÞJÓNUSTUANNVIKI
- OPINBER STOFUN
- GRASLENDI
- AF OG VÖTN
- HRAUN
- HVERABUNGA
- MELUR

GÖNGULEIÐ
I STRÝTUR OG
EYVINDARRETT

GÖNGULEIÐ
I EYVINDARRETT

88



HVERAVELLIR

BREIÐMELUR

rafmagnsgirðing

mörk mýllysta svæðis

gróðurmark

landlaga

nyr gróðurmark

mörk mýllysta svæðis

Gönguleið

leikjafelkur

Örnvegur

Örnvegur

Örnvegur

Örnvegur

Örnvegur

Örnvegur

Örnvegur

Örnvegur

Örnvegur

Örnvegur

Örnvegur

Örnvegur

Örnvegur

Örnvegur

Örnvegur

Örnvegur

Fylgiskjöl

PÁLL HJALTASON
A R K I T E K T
SÍÐUMÚLA 20. REYKJAVÍK.
SÍMI 688899. FAX 680868.

Reykjavík, 17 okt. 1994

Aðalheiður Jóhannsdóttir,
framkvæmdarstjóri.

Náttúruverndarráð,
Hlemmi 3,
125 Reykjavík.
s. 627855
f. 627790

Varðar deiliskipulag á Hveravöllum á Kili.

Í framhaldi af símtali okkar fyrr í dag, óska ég eftir fundi með ykkur vegna fyrirhugaðs deiliskipulags á Hveravöllum á Kili.

Svínavatns- og Torfulækjarhreppur hafa fengið undirritaðann til að vinna deiliskipulagsvinnuna og hef ég fengið Gunnar Guðnason arkitekt til samstarfs við mig í þessu verkefni.

Við erum nú staddir á undirbúningsstigi deiliskipulagsins og óskum eftir kynningarfundum með Náttúruverndarráði þar sem hægt væri að fræðast um mat ykkar á ástandi Hveravalla.

Vonumst við eftir samstarfi við ykkur meðan á vinnu þessari stendur enda gerum við okkur grein fyrir að stofnunin býr yfir miklum upplýsingum og fróðleik er varðar þetta viðkvæma svæði.

Með vinsemd og virðingu

Páll Hjaltason

Fundur með Náttúruverndarráði, 26. 10. 1994.

Á fundinum voru Ragnar Frank Kristjánsson landslagsarkitekt hjá Náttúruverndarráði og Páll Hjaltason arkitekt.

Deiliskipulagshöfundar höfðu boðað til þessa fundar til að fá álit Náttúruverndarráðs á Aðalskipulagi Svínavatnshrepps og kynnast hugmyndum þeirra um framtíð ferðamannaþjónustu á Hveravöllum.

Meginatriði eru:

- Ragnar lýsti yfir efasemdum varðandi ýmis atriði aðalskipulags, sérstaklega hvað varðar umfang og staðsetningu á ferðamannaöstöðu. Hún væri staðsett á of áberandi stað á svæðinu og taldi óráðlegt að setja upp bensínstöð og greiðasölu á Hveravöllum, væru uppsveitir Svínavatnshrepps heppilegri staðsetning fyrir þjónustu af því tagi, nefndi hann einnig Áfangafell í því samhengi.
- Tók Ragnar undir þann möguleika að heppilegra væri að setja bygginguna ásamt bílastæðum niður í dalverpið norð-austur af núv. bílastæði. Gæti hún þá orðið til þess að skipuleggja og stjórna umferð um svæðið. Var Ragnar jákvæður gagnvart hugmyndum um að rækta upp dalverpið þar fyrir tjaldstæði, myndi það hlífa viðkvæmum lækjarbotninum. Vildi hann gjarnan sjá tillögur þess efnis.
- Mörk friðaða svæðisins eru ekki heilög, mikilvægara er að mannvirki þau sem reist eru í nágrenni við hverina falli vel að umhverfinu og skyggi ekki á þá.
- Var Ragnar sammála breytingu á aðkeyrslu til Hveravalla í samræmi við aðalskipulag, en lýsti hann sig ósammála því að taka sveig á veginn yfir Kjöl, til vesturs, í átt til Hveravalla. Taldi hann að það væri ekki æskilegt fyrir Hveravelli að gera þá að áfangastöð á leið langferðabifreiða milli landshluta.
- Útskýrði Ragnar göngustígasmíð á hverasvæðinu sem voru í hans umsjá, einnig kynnti hann hugmyndir að nýju "vörðuskilti" og merkingum á hverasvæðinu, sem áætlað er að verði settar upp á næsta ári.
- Kynnti hann viðgerð og endurhleðslu á gamla sæluhúsinu og hugmyndir sínar um nýtingu á því húsnæði til kynningar á hverasvæðinu og næsta nágrenni, bæði sögulegri og jarðsögulegri. Sá möguleiki var ræddur að gamla sæluhúsið yrði nokkurs konar miðstöð fyrir leiðsögumenn og gönguhópa og myndi það draga úr álagi á sjálft hverasvæðið.
- Lýsti Ragnar þeirri skoðun sinni varðandi húsakost á svæðinu að æskilegt væri að fækka húsum og byggja eitt hús sem félli vel að landinu og gæti fullnægt þeirri þjónustu sem þyrfti að vera á svæðinu. Þó fannst honum að hlaðna sæluhúsið og gamli skáli Ferðafélagsins mætti standa, enda kominn á þau söguleg hefð. Þyrfti að mála gamla skálann svo hann félli betur að umhverfinu.

- Farið var í gegn um kort þau sem Náttúruverndarráð hefur af Hveravöllum ásamt skýrslum landvarða og öðrum þeim upplýsingum sem stofnunin hefur um svæðið. Liggja þær allar fyrir og hægt er að kynna sér þær á staðnum.
- Í sambandi við nýtingu jarðvarma til upphitunar kom í ljós að engar vísindalegar rannsóknir hafa farið fram á hverasvæðinu. Æskilegt væri að frá hverina frá lögnum en varlega þyrfti að fara með boranir svo að hversvæðið spillist ekki vegna breytts vatnsþrýstings. Lýsti hann sig mjög fylgjandi því að láta rannsaka hverasvæðið og að Náttúruverndarráð vildi gjarnan ræða við heimamenn um að hrinda slíkri rannsókn af stað.
- Varðandi girðingu á svæðinu sagði Ragnar að Biskupstungnamenn hefðu sagt sér að þeir færu senn að hætta að reka fé á fjall og væri girðing því vart tímabær. Hefði því ekki orðið af henni.

Afrit sent náttúruverndarráði

Fundur með Ferðafélagi Íslands, 26. 10. 1994.

Á fundinum voru Kristján Baldursson framkvæmdarstjóri F.Í., Gunnar Guðnason og Páll Hjaltason arkitektar.

Deiliskipulagshöfundar höfðu boðað til þessa fundar til að fá álit Ferðafélags Íslands á Aðalskipulagi Svínvatnshrepps og kynnst hugmyndum þeirra um framtíð ferðamannaaðstöðu á Hveravöllum.

Meginatriði eru:

- Kristján lýsti yfir efasemdum varðandi ýmis atriði aðalskipulags, sérstaklega staðsetningu á ferðamannaaðstöðu. Hún væri of langt frá hverasvæðinu og myndi það slíta hana úr tengslum við svæðið og gera erfitt um vik með hitaveitu o. fl.
- Þá efaðist Kristján um réttmæti þess að setja bensínstöð og greiðasölu upp á Hveravöllum og taldi að Áfangafell væri heppilegri staðsetning fyrir þessháttar rekstur.
- Vill nýta áfram skála sína á Hveravöllum. Nýbúið er að lagfæra gamla skálann og þær hugmyndir hefðu komið að stækka þyrfti anddyrið framan við húsið og hugsanlega byggja aðstöðu vestan við það fyrir baðgesti.
- Nýi skálinn er sömuleiðis ekki nógu stór og er vilji fyrir því að byggja við hann eldhús- og mataraðstöðu. Kristján útilokaði ekki byggingu nýs skála í hans stað í samvinnu með heimamönnum. Meginþáttur ef það kæmi til væri kostnaður, ferðafélagið er ekki fjársterkt og mestöll vinna unnin í sjálfboðavinnu.
- Fram kom að F.Í. hefði falið Pálmari Kristmundssyni arkitekt að koma með tillögur að skipulagi á Hveravallasvæðinu en það væri skammt á veg komið. Kristján sagði að þær raddir væru uppi hjá ýmsum félögum í F. Í. að Hveravellir væru þeirra umráðasvæði.
- Kristján var sammála ýmsum atriðum aðalskipulags, svo sem að æskilegt væri að færa bílveg og bílastæði frá hverasvæðinu ásamt nauðsyn þess að girða það af vegna ágangs sauðfjár. Þó lýsti hann áhyggjum sínum vegna girðingar, að erfitt yrði að gera vel. Þá tók hann vel í að endurskipuleggja og rækta upp ný tjaldstæði til að minnka álag á lækjarbotninn.
- Ferðafélagið er með í undirbúning kynningarbækling, í samráði við Náttúruverndarráð, um gönguleiðir um Kjalhraun. Varð samkomulag um nauðsyn þess að taka tillit til þeirra gönguleiða í deiliskipulagi.
- Fram kom hjá Kristjáni að gistinætur á Hveravöllum í fyrra hefðu verið 5478 og þar af 1761 í skálum. Langflestir næturgesta voru útlendingar.

Afrit sent F.Í.

Fundur með veðurstofustjóra, 27. 10. 1994.

Á fundinum voru Magnús Jónsson veðurstofustjóri, Flosi Hrafn Sigurðsson veðurfræðingur, Gunnar Guðnason og Páll Hjaltason arkitektar.

Deiliskipulagshöfundar höfðu boðað til þessa fundar til að fá álit Veðurstofu Íslands á aðalskipulagi og kynnast hugmyndum þeirra um framtíð veðurathugana á Hveravöllum.

Meginatriði eru:

- Gunnar og Páll kynntu hugmyndir Aðalskipulags Svínvatnshrepps varðandi veðurathugunarstöðina á Hveravöllum og kom það á óvart að Magnús og Flosi vissu ekki af tilvist skipulagsins.
- Í ljós kom að það er vandkvæðum bundið að færa veðurathugunarstöðina af hæðinni. Veldur þar mestu kostnaður, en Veðurstofa Íslands er, eins og aðrar ríkisstofnanir, undir þrýstingi frá stjórnvöldum að gæta aðhalds í fjármálum. Í dag er kostnaður við rekstur stöðvarinnar um 5 milljónir á ári.
- Vilji er frá Veðurstofu Íslands að halda áfram veðurathugunum í núverandi mynd á Hveravöllum eins lengi og kostur er, en þetta er eina mannaða veðurathugunarstöðin á hálendinu og sinnir mælingum og athugunum sem ekki eru framkvæmanlegar á sjálfvirkum stöðvum.
- Fram kom að veðurathuganir eiga ekki samleið með öðrum rekstri, og er slæm reynsla af því, þar sem það hefur verið reynt. Veðurathuganir eru teknar á þriggja tíma fresti allan sólarhringinn. Þarf stöðin að vera staðsett á hæð til að gefa raunsæja mynd af vindi, skyggni og skýjafari.
- Er það skoðun Magnúsar og Flosa að ef hrófla á við veðurathugunarstöðinni á Hveravöllum, yrði það líklega upphafið að endalokum þeirrar starfsemi og þeim rannsóknum sem fram fara þar í dag. Hins vegar eru fyrirsjáanlegar breytingar á veðurathugunum í framtíðinni en óvíst hvernig þær koma til með að hafa áhrif á Hveravallastöðina.
- Auk þessa komu fram ýmsar fróðlegar upplýsingar um Hveravelli, eðli hversvæðisins, ferskvatnsöflun, bensínsölu o. fl.

P.H.

Afrit sent veðurstofustjóra

Fundur með Orkustofnun, 8. 11. 1994.

Á fundinum voru dr. Helgi Torfason jarðfræðingur, Gunnar Guðnason og Páll Hjaltason arkitektar.

Deiliskipulagshöfundar höfðu boðað til þessa fundar til að fá umsögn Orkustofnunar um hverasvæðinu á Hveravöllum.

Meginatriði eru:

- Fram kom að engar vísindalegar rannsóknir hafa farið fram á Hveravallasvæðinu og eina kortið sem teiknað hefur verið af hverunum er frá 1889. Helgi sýndi okkur rannsókn sem hann hefur verið að vinna að á hverasvæðinu umhverfis Geysi í Haukadal fyrir Náttúruverndarráð. Í ljós kom að úttekt á hverasvæði hefst með kortlagningu hverasvæðisins þar sem merktir eru inn allir þeir jarðhitablettir sem tilheira hitasvæðinu.
- Þegar svæðið hefur verið kortlagt eru hverirnir mældir, bæði hitastig og rennsli. Síðan þarf að fylgjast með svæðinu í nokkurn tíma til að greina ástfðarsveiflur og sveiflur yfir stærri tímabil.
- Helgi sagði að erfitt væri að segja til um hvernig best væri að virkja hverasvæðið til húshitunnar fyrr en að undangenginn slíkrri rannsókn. Hægt væri þó að segja almenns eðlis að minnsta rask væri fyrir hverasvæðið ef hægt væri að virkja vatnið eftir að það kemur úr hverunum. Sagði Helgi það ekki æskilegt að dæla vatni beint úr hverunum vegna þess að úrfellingin minnkaði þá á hverabungunni, vonlaust er þó að dæma um eiginlegt rask þessarar vatnstöku án undangenginna rennslismælinga. Hitaveita veðurathugunarstöðvarinnar, þó ljót sé, er að því leiti vistvænni að hún tekur ekki vatn úr hverunum. Vonlaust er að segja til um boranir án rannsókna.
- Fram kom að það er ekki fyrr en á síðari árum að rannsóknir á hverasvæðum hefst og þá oft í framhaldi að ofnýtingu jarðhita. Helgi hefur rannsakað nokkur önnur svæði auk Geysissvæðisins og sagði hann okkur nokkur dæmi um áhugaverðar niðurstöður mælinga, t.d. af mjög sveiflukenndu vatnsmagni úr Geysishverasvæðinu sem gott væri að vita fyrir boranir.
- Lýsti Helgi yfir áhuga sínum að gera rannsókn á Hveravallarsvæðinu og ætlar að hafa samband við okkur fljótlega.

PH

Afrit sent H.T.

Samtal við Pál Sigurðsson forseta Ferðafélags Íslands 31. 10. 1994.

Páll Sigurðsson hringir í Pál Hjaltason.

Meginatriði eru:

- *Páll Sigurðsson* vildi leggja áherslu á að F.Í. væri opið til viðræðu við heimamenn um framtíð Hveravalla. Sagðist hann gera sér grein fyrir því að bæta þyrfti aðstöðu á svæðinu, sérstaklega með tilliti til stórauðinnar fjölgunnar ferðamanna til Hveravalla á næstu árum.
- Varðandi aðstöðu F.Í. á Hveravöllum endurtók Páll orð *Kristjáns Baldurssonar* um endurbætur á gamla skálanum og einnig að mikilvægt væri að koma upp búnings- og hreynlætisaðstöðu við laugina. Ekki væri verjandi að hleypa blautu fólki úr lauginni inn í gamla skálann þar sem næturgestir væru og geymdu sitt hafurtask. Vegna hreynlætiskrafna þyrfti einnig að reyna að gera laugina þannig úr garði að betra rennsli væri í gegn um hana.
- Nýi skálinn er ekkert sérlega vandaður en þó eru uppi hugmyndir um að byggja við hann eldunar og mataraðstöðu, húsakynni fyrir landverði er einnig mjög þröngt en þeir hafa aðstöðu í nýja skálanum. Allar framkvæmdir miðast þó við að F.Í. hefur ekki úr miklum sjóðum að spila, en það hefur verið stefna félagsins í gegn um tíðina, og er enn, að slá ekki lán fyrir framkvæmdum.
- Páll er hlynntur því að bæta tjaldaðstöðuna á svæðinu. Auk þess væri óverjandi að þegar rotþróin var tæmd síðasta sumar hefðu þeir sem að því stóðu dreift úr haugsugunni á melinn.
- Páll lýsti yfir áhuga sínum á því að heimamenn tæku meiri þátt í rekstri staðarins, t.d. í stöðum landvarða, sagði hann að tvær landvarðastöður væru lausar núna fyrir Hveravelli. Töluverðar kröfur eru gerðar til landvarða, námskeið eru haldin á vegum náttúruverndarráðs fyrir landverði og einnig er mikilvægt að þeir kynnu hjálp í viðlögum. Tungumálakunnátta er nauðsynleg, þar sem flestir gesta á Hveravöllum eru erlendir. Kostnaður F.Í. vegna landvarða er um 200.000 krónur á mann á mánuði.
- Ferðafélagið var beðið um að koma með tillögur um gönguleiðir vegna fyrirhugaðs hálendissskipulags. Hafa þeir skipað nefnd til þess og á hún að skila álitum um næstu áramót. Þær gönguleiðir sem tengjast Hveravöllum eru úr Þjófadölum til Hveravalla og síðan er í vinnslu gönguleið í kring um Langjökul, það myndi þýða að setja þyrfti upp nýja skála norðan megin við Langjökul.
- Að lokum áréttaði Páll áhuga F.Í. fyrir viðræðum við húnvetninga, bæði um Hveravelli og jafnframt um hugsanlega stofnun Ferðafélagsdeildar í Húnavatnssýslu.

Aðrir aðilar sem talað var við.

- **Skipulag Ríkisins.**
Farið á fund Stefán Thors skipulagsstjóra 19. 10 1994. Rætt almennt um Aðalskipulag Svínvatnshrepps og framtíð Hveravalla. Fengum kort 1:1000 af hverasvæðnu og næsta nágrenni.
- **Ferðamálaráð Íslands.**
Talað við Magnús Oddson ferðamálastjóra 18.10. 1994. Honum leist vel á að verið væri að vinna skipulag fyrir Hveravelli og bað um að fá að fylgjast með framvindu mála.
- **Landbúnaðarráðuneytið.**
Sauðfjárveikivarnir.
Talað við Kjartan Blöndal 18.10 1994, hann sagðist ekki myndi skorast undan samstarfi ef heildarskipulag yrði gert fyrir Hveravelli. Ekki væri fyrirsjáanlegt að girðingaeftirlit það sem nú er veitt myndi hætta í náinni framtíð.

Kjartan verður erlendis fram í maí 1995 og mun Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir sjá um mál sauðfjárveikivarna á meðan. Ætlaði Kjartan að kynna málið fyrir Brynjólfi.
- **Páll Zóphaníasson** annar höf. aðalskipulags.
Talað við Pál Zóphaníasson 19.10.1994. Farið var yfir þá hluta aðalskipulags er snerta Hveravelli. Fengnar voru frekari skýringar á ýmsum atriðum skipulagsins og rætt nánar um þá framtíðarþróun sem aðalskipulagshöfundar sáu fyrir sér á Hvervöllum.
- **Landmælingar**
Talað við kortadeild, eftir athugun kom í ljós að eingöngu er til 1:50 000 kort af Hveravöllum. Ekkert er til á stafrænu formi.
- **Rannsóknarstofnun landbúnaraðarinnis**
Talað við Sigurð Magnússon líffræðing og grasufræðing, 7.11.1994. Lísti hann yfir áhuga sínum að gera áætlun um uppræktun og gróðurtegundir á Hveravöllum. Talaði einnig við Tryggva Gunnarson 8.11.1994, sem hefur haft umsjón með tilraunareitum R.L. á Hveravöllum.
- **Orkustofnun**
Fundað með Dr. Helga Torfasyni jarðfræðingi. 8.11.1994.
- **VST**
Talað við Pálma Pálmason verkfræðing, hafði hann kort að Hveravöllum unnið fyrir Veðurstofu Íslands.

PÁLL HJALTASON**A R K I T E K T**
SÍÐUMÚLA 20. 108 REYKJAVÍK.
SÍMI 688899. FAX 680868.

Reykjavík, jan 1995

Meðfylgjandi eru tillögur að deiliskipulagi Hveravalla. Þessar tillögur hafa þegar verið kynntar heimamönnum þ.e. Svínvetningum og Torfulækjarmönnum, og hlotið jákvæðar undirtektir.

Þessar tillögur eru sendar ykkur til kynningar og umsagnar. Höfundar eru að sjálfsögðu reiðubúnir að útskýra þær frekar ef óskað er.

Athugasemdir óskast sem allra fyrst þar sem frekari vinnsla skipulagsins er í gangi.

Páll Hjaltason
Gunnar Guðnason

Tillögur sendar til;
Náttúruverndarráðs,
Skipulags Ríkisins,
Ferðafélagi Íslands,
Veðurstofu Íslands,
Yfirdýralæknis,
og Ferðamálastjóra Íslands.



Stofnað 1927

Reykjavík, 17. febrúar 1995

Til samstarfsnefndar um skipulag á Hveravöllumc/o Páll Hjaltason arkitektSíðumúla 20108 Reykjavík

Fyrir fáum dögum bárust Ferðafélagi Íslands drög að deiliskipulagi af Hveravöllum, unnin af arkitektunum Páli Hjaltasyni og Gunnari Guðnasyni eftir beiðni samstarfsnefndarinnar. Eru drög þessi unnin á grundvelli aðalskipulags Svínvatnshrepps, sem skipulagsyfirvöld hafa þegar samþykkt.

Ferðafélag Íslands er hagsmunaaðili á Hveravöllum, hvað varðar aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn, sem félagið hefur haldið uppi þar um margra áratuga skeið, svo sem öllum hlutaðeigandi má vera kunnugt um. Hefur sú starfsemi á síðari árum skilað hagnaði, sem notaður hefur verið til uppbyggingar á þjónustuaðstöðu félagsins þar sem og á öðrum stöðum, þar sem aðstaða Ferðafélagsins skilar litlum sem engum hagnaði eða henni fylgir einungis kostnaður. Skal í því sambandi haft hugfast, að rekstur og viðhald sæluhúsa félagsins krefst mikils fjármagns, sem félagið ábyrgist sjálft og án opinberra styrkja.

Stjórn Ferðafélags Ísland fjallaði um mál þetta á fundi í gær og var þar samþykkt að gefa ekki að svo stöddu endanlegt svar um afstöðu félagsstjórnarinnar til framkominna draga að deiliskipulagi heldur skyldu eftirfarandi atriði áréttuð á þessu stigi máls jafnframt góðri kveðju til samstarfsnefndarinnar:

- 1) Aðalskipulag það, sem drög að umræddu deiliskipulagi munu byggjast á, hlaut meðferð skipulagsyfirvalda á sínum tíma án þess

að það væri nokkru sinni formlega borið undir stjórn Ferðafélags Íslands, og er það fullkomlega andstætt öllum venjum við ábyrg skipulagsstörf. Engar skýringar liggja fyrir um það, hvernig á þessu stóð og verður að átélja þessa aðferð. Í aðalskipulagi þessu koma fram tillögur um skerðingu eigna og aðstöðu Ferðafélagsins á Hveravöllum, sem myndu verða félaginu mjög tilfinnanlegar, ef framkvæmdar yrðu. Yrði þar bæði um eignatjón og tekjutap að ræða. Ljóst er t.d. að rekstur gamla skálans eins mun ekki veita félaginu neinar tekjur og brottflutningur nýja skálans skerða starfsemi félagsins og þjónustuhlutverk að öðru leyti.

2) Í drögum að deiliskipulagi koma fram eindregnar og beinskeittar tillögur um skerðingu eigna og aðstöðu félagsins án þess að rétt hafi verið sérstaklega við forsvarsmenn félagsins um þær hugmyndir fyrr en drögin komust á núverandi stig. Getur stjórn félagsins ekki fallist á þau vinnubrögð, frekar en varðandi gerð umrædds aðalskipulags.

3) Ekki hafa farið fram viðræður milli Náttúruverndarráðs, sem fer með umsjónarvald á friðlandinu á Hveravöllum, og Ferðafélags Íslands um þessi skipulagsmál og framkomnar hugmyndir um eigna- og aðstöðuskerðingu félagsins á þessum stað. Er þó til sérstök samstarfsnefnd Náttúruverndarráðs og Ferðafélagsins um samskipti þeirra á friðlýstum stöðum, sem sett var á stofn að frumkvæði Náttúrurverndarráðs. Telur félagsstjórnin með ólíkindum að ráðið muni fyrir sitt leyti samþykkja þess háttar ráðstafanir, sem hér um ræðir, án þess að fullt samráð sé haft við félagið, en þessir tveir aðilar hafa lengi haft samstarf um mannaferðir og mannavist á Hveravöllum, sem mikilvægt er að haldið verði uppi með góðu samkomulagi í framtíðinni svo sem verið hefur hingað til.

4) Ferðafélag Íslands hefur lengi haft og hefur sannarlega enn siðferðislegum skyldum að gegna gagnvart almenningi - íslenskum jafnt sem erlendum ferðamönnum - á öllum öræfaslóðum, þ.á m. á Hveravöllum. Félagið hefur ekki í hyggju að hvarfla frá því ætlunarverki sínu að veita ferðamönnum í óbyggðum þá bestu aðstoð og þjónustu, sem við hæfi er á hverjum stað og á hverjum tíma

eftir því sem aðstæður frekast leyfa. Innan félagsins hefur á löngum tíma myndast mikil og ómetanleg reynsla við þetta starf, sem ólíklegt er að aðrir aðilar í landinu hafi í sambærilegum mæli. Almennitur nýtur enn sem fyrr góðs af þessari reynslu félagsins og þeirri aðstöðu, sem félagið hefur byggt upp í óbyggðum með miklum tilkostnaði og ærinni fyrirhöfn fjölmargra hugsjónamanna.

5) Óráðlegt er, hvað sem öðru líður, að leggja mikla vinnu í aðalskipulag og síðan einhliða deiliskipulag af öræfaslóðum eins og þeim, sem hér um ræðir, meðan enn hefur ekki verið gengið frá skipulagi miðhálandisins alls, sem nú er unnið að á vegum skipulagsyfirvalda. Verður óhjákvæmilega að skoða núverandi skipulagshugmyndir samstarfsnefndarinnar um Hveravallasvæðið í ljósi þessa.

6) Sem þjónustuaðili á Hveravöllum hefur Ferðafélag Ísland uppi hugmyndir um bættu og aukna þjónustu þar, m.a. í ljósi væntanlegrar fjölgunar ferðamanna í kjölfar nýlegra samgöngubóta þar í grennd. Hefur félagið m.a. lagt í kostnað við gerð frumdraga að bætum húsakosti þess á staðnum og um aðrar aðstöðubætur á svæðinu, sem kynntar voru á síðasta stjórnarfundi í félaginu. Áskilur stjórn félagsins sér allan rétt til að kynna hugmyndir sínar hér að lútandi, m.a. fyrir Náttúrurverndarráði, skipulagsyfirvöldum og hlutaðeigandi sveitarfélagi, og fylgja þeim fram.

7) Öllum einhliða aðgerðum, sem skert geta fjárhagslega hagsmuni félagsins af rekstri á Hveravöllum, fylgir ótvíræð bótaskylda framkvæmdaraðila, sem stjórn félagsins ber að framfylgja gagnvart honum ef á reynir. Allar slíkar aðgerðir eru einnig til þess fallnar að valda þungum ágreiningi við Ferðafélagsmenn, sem dregið geta langa drögu.

Stjórn Ferðafélags Íslands áskilur sér allan rétt til frekari athugasemda um núverandi skipulagshugmyndir, bæði heildstætt og um einstaka liði þeirra, eftir því sem ástæða

sýnist til, og jafnframt áskilur hún sér rétt til að koma að vörnum og andsvörum gagnvart skipulagsyfirvöldum ef á reynir.

Þrátt fyrir þau almennu atriði, sem hér hafa verið reifuð, vill stjórn félagsins taka fram, að hún er að sjálfsögðu ætíð reiðubúin til þátttöku í ábyrgum og frjóum umræðum og skoðanaskiptum um hvað eina, sem verða má Hveravöllum til framdráttar, hvort heldur varðar aukna náttúruvernd þar eða bættu aðstöðu ferðamanna. Vill stjórnin síst af öllu draga í efa einlægni og góðan hug samstarfsnefndarinnar til þessarar "perlu öræfanna" og óskar hún þess að eiga góð samskipti við nefndarmenn í framtíðinni, séu þau samskipti byggð á réttum grunni (sbr. 1-7. tölulið hér að framan). Eru forsvarsmenn Ferðafélagsins ætíð reiðubúnir til vinsamlegra viðræðna um framtíð Hveravalla enda hafa þeir allir mikinn áhuga á þessum stað og vilja stuðla þar að fullnægjandi umhverfisvernd og bættri aðstöðu fyrir ferðamenn.

Með vinsemd og virðingu



Páll Sigurðsson

forseti Ferðafélags Íslands

Afrit sent til:

Náttúruverndarráðs

Skipulags ríkisins

Veðurstofu Íslands

Aðalskipulag í Svínavatnshreppi

Deiliskipulag á Hveravöllum

Á árunum milli 1980 og 1990 var mikil umræða í Svínavatns- og Torfalækjarhreppum um framtíð byggðar í hreppunum og uppbyggingu annarar atvinnu en hefðbundins landbúnaðar í kjölfar Blönduvirkjunar. Jafnframt var mikið fjallað um Auðkúluheiði og nýtingu hennar með tilliti til breyttra aðstæðna. Kjalvegur var að hluta til byggður upp og ár brúaðar. Umferð um Kjalveg jókst stöðugt og viðkvæmir ferðamannastaðir, svo sem Hveravellir, létu á sjá.

Umráða þessi leiddi til að ákveðið var að vinna aðalskipulag fyrir Svínavatnshrepp, sem síðan var staðfest af ráðherra, og gildir aðalskipulagið fyrir árin 1992-2012.

Í framhaldi af staðfestingu aðalskipulagsins var ákveðið að láta vinna deiliskipulag fyrir Hveravelli og á síðari stigum umhverfimat fyrir deiliskipulagssvæðið samkvæmt lögum þar um.

Helstu ástæður deiliskipulagsvinnu fyrir Hveravelli eru:

- Aukin umferð um Kjalveg og þar með Hveravelli.
- Nauðsyn þess að komið sé skipulagi á öll mannvirki á Hveravöllum.
- Verndun staðarins, og að hjálpa náttúrunni við að byggja upp, eins og kostur er, það sem aflaga hefur farið á undanförunum áratugum.
- Byggja upp þjónustumiðstöð sem sinnir hinum almenna ferðamanni.

Í umfjöllun hreppsnefndar Svínavatnshrepps hefur verið um það rætt að ekki megi ofbjóða Hveravöllum á neinn hátt. Þess vegna þarf þjónustumiðstöðin að vera rúmgóð og hún þarf að hýsa aðskilda starfsemi. Gistirými þarf að vera nægilegt til að hýsa farþega úr stórrí rútu og trúlega heldur stærra. Hins vegar telur nefndin óráðlegt að byggja það stórt gistirými að sinni að það þjóni öllu stærri álagspunktum.

Um vetrarstarfsemi í framtíðinni er ekki gott að segja, þó má gera ráð fyrir að einhver viðvera með viðeigandi þjónustu, svo sem gæsla, verði á staðnum fljótlega eftir að þjónustumiðstöðin kemst í rekstur. Margt bendir til að vetrarumferðin sé landinu skaðminni en hluti að sumarumferðinni. Hins vegar er skoðun nefndarinnar að loka eigi miðhálendinu frá því snjóá tekur að leysa og þar til jörð er orðin þurr. Umferð og aurbleyta eiga þar engan veginn saman.

Fyrir hönd hreppsnefndar Svínavatnshepps

Jóhann Guðmundsson, oddviti.

Holti 19. febrúar 1995.

Skipulag ríkisins
Laugavegi 166
Reykjavík.


Skipulagi ríkisins hefur verið send til umfjöllunar tillaga að deiliskipulagi á Hveravöllum. Miðað er við tillögu númer 1 í möppunni. Deiliskipulag þetta byggist á aðalskipulagi fyrir Svínavatnshrepp sem samþykkt var á árinu 1993. Við gerð þessa deiliskipulags er lítillega vikið frá upphaflegri staðsetningu þess samkvæmt aðalskipulaginu og byggist sú tilfærsla á nánari skoðun svæðisins.

Helstu röksemdir fyrir færslunni eru meðal annars:

1. Nauðsynlegur grunnur undir þjónustumiðstöð á staðnum er að hægt sé að nýta hitaveitu frá hverasvæðinu.
2. Samkvæmt tillögu 1 er mun auðveldara að stjórna umferð ökutækja um svæðið en ef farið er eftir öðrum tillögum. Þjónustumiðstöðin sjálf er næst hverasvæðinu og afmarkar þannig bílastæði í þá átt. Væri þjónustumiðstöðin reist samkvæmt tillögu 2 eða 3 er veruleg hætta á að fjölmörgum bílum verði ekið framhjá þjónustumiðstöðinni eftir vegi þeim sem liggur í átt að Þjófadöllum, veðurstöð og hesthúsum norðan Breiðmels. Þannig væri hægt að komast akandi mun nær hverasvæðinu og bílum yrði þá lagt óskipulega sunnan í Breiðmel með tilheyrandi landsspjöllum.
3. Samkvæmt tillögu 1 virðast byggingar falla mun betur inn í landslagið en samkvæmt tillögum 2 og 3.
4. Ætla má að fjölmörgu öldruðu fólki og þeim sem ferðast með tímabundnum hópferðabílum væri örðugt að ganga frá tillögustað 3 að hverasvæðinu. Mun auðveldara er að ganga upp á hverabunguna frá tillögustað 1.
5. Skjólseilla mun vera á tillögustað 1 en á hinum stöðunum.

Með ósk um jákvæða umfjöllun á þessu hugarfóstri okkar Svínvetninga.

Virðingarfyllt.



Jóhann Guðmundsson.

PÁLL HJALTASON
A R K I T E K T
SÍÐUMÚLA 20. REYKJAVÍK.
SÍMI 688899. FAX 680868.

Reykjavík, 20. feb. 1995

Ferðafélag Íslands
Dr. Páll Sigurðsson
Mörkinni 6
Reykjavík.
fax: 682535

Ég fékk símsent bréf ykkar frá 17. febrúar síðastliðnum og kom því áfram til samstarfsnefndarinnar fyrir norðan. Með tilliti til þessa bréfs óska norðanmenn eftir að koma á fundi eins fljótt og auðið er.

Undirritaður áréttar mikilvægi þess að þær viðræður hefjist sem allra fyrst, þar sem frekari vinnsla skipulagsins er í gangi.

Til að ákveða tíma sem hentar öllum getið þið haft samband við undirritaðan eða Gunnar Guðnason. Húnvetningar eru reiðubúnir að hitta ykkur hvenær sem er, með þeim fyrirvara að færð og veður leyfi.

Virðingarfyllst

Páll Hjaltason

Föstudaginn 24. febrúar 1995 átti Hveravallanefnd ásamt Jóhanni Guðmundssyni oddvita Svinavatnshrepps og Páli Hjaltasyni arkitekt fund að Hótel Blönduósi með Páli Siguróssyni forseta Ferðafélags Íslands og Sigurði Kristjánssyni stjórnarmanni í Ferðafélaginu.

Fundurinn var haldinn til að ræða við ráðamenn Ferðafélags Íslands um málefni Hveravalla. Þann 3. ágúst á liðnu sumri hafði Hveravallanefnd átt fund með fulltrúum Ferðafélags Íslands, þeim Kristjáni M. Baldurssyni framkvæmdarstjóra Ferðafélagsins og Arnari Jónssyni. Einnig fulltrúum frá Náttúruverndarráði, þeim Frank M. Kristjánssyni framkvæmdarstjóra Náttúruverndarráðs og Kristínu Þorsteinsdóttur til að kynna áform Hveravallanefndar um deiliskipulag og hugmyndir um framtíð Hveravalla. Jafnframt að leita eftir samstarfi við þessa aðila og eftir hugmyndum þeirra um staðinn og það sem mætti verða honum til frambrotar.

Nýlega hafði Hveravallanefnd þorist þríf dagsett 17. febrúar 1995 undirritað af Páli Siguróssyni forseta Ferðafélagsins. Í þessu bréfi kveður við einkennilegan tón miðað við fyrri kynningu og starfshætti Hveravallanefndar og þess vegna var óskað eftir þessum fundi með Páli og Sigurði þegar þeir voru á ferð á Blönduósi.

Jóhann Guðmundsson setti fundinn og stjórnarði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og gat um fundarefnið sem væri ráðari viðræða við Ferðafélagsmenn og jafnframt að skýra frekar og leiðrétta misskilning sem virtist geta í bréfi forseta þess.

Páll Hjaltason arkitekt kynnti deiliskipulagið og hugmyndir að baki þess. Guðmundur Hagalín kynnti skipan Hveravallanefndar sem væri þriggja manna samstarfsnefnd Svinavatnshrepps og Torfalækjarhrepps sem væru eignaraðilar að Auðkúluheiði og þar með Hveravöllum. Hreppenefnd Svinavatnshrepps sem hefði 55% eignaraðild að heiðinni hefði kjörið tvo menn í nefndina en Torfalækjarhreppur með 45% eignaraðild kjörið einn mann.

Ingvar Þorleifsson lýsti síðan vinnulagi og hugmyndum nefndarinnar og ítrekaði samstarfsvilja hennar við þá aðila sem synt hafa Hveravöllum áhuga og teldu sig vera þar hagsmunaaðila.

Páll Sigurósson vildi skipta málinu varðandi Hveravelli í tvennt, annars vegar væri skipulagsátturinn og hins vegar aðstaða og þjónusta við ferðamenn og hver annaðist hana. Hann gagnrýndi eins og í bréfinu að það hefði ekki verið haft samráð við Ferðafélagið við setningu aðalskipulagsins.

Jóhann svaraði Páli og lagði fram skjállegar samningar um að haft hefði verið samband við þáverandi forráðamenn Ferðafélagsins við gerð þess. Einnig hefði það verið auglýst á löglegan hátt m.a. í Lögbirtingablaðinu og allir átt þess kost að gera athugasemdir við það. Síðan lagði hann fram skjállega staðfestingu aðalskipulagsins af löglegum aðilum og að gildistími þess er til ársins 2012.

Páll Sigurósson taldi sig ekki hafa vitað um vilja Hveravallanefndar (heimamanna) til viðræða og samráðs við Ferðafélagið fyrr en á þessum fundi. Jafnframt upplýsti hann að Pálmar Kristmundsson arkitekt væri á vegum Ferðafélagsins að vinna að deiliskipulagi á Hveravöllum og í undirbúningi væri stöðkun á skálaaæstöðu þar.

Stefán A. Jónsson las upp úr fundargerð frá 3. ágúst þar sem fulltrúar Ferðafélagsins og Náttúruverndarnefndar komu á fund með Hveravallanefnd í starfsmannahúsi Blönduvirkjunar. Þar segir í lok fundargerðar sem allir fundarmenn undirrituðu: "Einnig voru fundarmenn sammála um að hafa samvinnu um uppbyggingu og verndun Hveravalla." Stefán taldi að þetta væri að geta leiðrétt þann misskilning sem kemur fram hjá Páli Sigurðssyni hér á fundinum og í bréfinu. Og ítrekaði Stefán að bæði Hveravallanefnd og Páll Hjaltason arkitekt hefðu leitað samráðs við Ferðafélagið og aðra aðila sem tengdust Hveravöllum og vildi nefndin reyna til þrautar að vinna að hagsmunum staðarins með góð samskipti í huga. Þess vegna hefði sér komið bréf forseta Ferðafélagsins alveg á óvart og hann undraðist sumt í þessu bréfi. Stefán sagðist þó átta sig betur á því ef Páli Sigurðssyni hefði ekki verið skýrt frá fundi Hveravallanefndar með framkvæmdarstjóra Ferðafélagsins 3. ágúst á liðu sumri.

Þá lýsti Stefán undrun sinni á að Ferðafélag Íslands væri að láta arkitekt skipuleggja land á Hveravöllum sem aðrir ættu. Ekkert samráð hefði verið haft við eigendur landsins né Hveravallanefnd um þetta. Hann spurði hvort þessi vinna arkitektsins hefði hafist. Ferðafélagsmenn mundu það ekki er helst virtist sem þessi deiliskipulagning væri nýlega hafin.

Miklar umræður urðu síðan um þessi skipulagsmál og kom fram viðleitni hjá Páli Sigurðssyni til að véfengja eignarrétt á heiðinni sem Jóhann svaraði með því að vitna í skjöl og afsöl sem hafa ekki verið véfengd.

Fram kom að deiliskipulag Páls Hjaltasonar er nær fullunnið og ætlunin væri að auglysa það eins fljótt og auðið væri helst í byrjun marsmánaðar. Páll Sigurðsson fór fram á að því yrði frestað verulega jafnvel fram í júní. Hveravallanefnd taldi mikinn þrýsting hjá heimamönnum á að þetta dragist ekki. Þar sem eftir umræður og ymislegt það sem hafði verið upplýst á fundinum var kominn jákvæðari tónn í skoðanaskipti og Hveravallanefndarmenn og oddviti Svínavatnshrepps vildu leggja sig fram um að samskipti gætu orðið vinsamleg þrátt fyrir fyrrgreint bréf Ferðafélagsins varð niðurstaða fundarins eftirfarandi:

Hveravallanefnd samþykkti að gefa tíma til að Páll Hjaltason ræddi við Pálmar Kristmundsson. Ferðafélagsmenn tjáðu sig fúsa til þess að arkitektarnir ræddust við og Pálmar kynnti Páli sínar hugmyndir. Í ljósi þess að þetta bæri vitni um samstarfsvilja beggja aðila og væri til hagsbóta fyrir Hveravelli féllust oddviti Svínavatnshrepps og Hveravallanefnd á að frá deiliskipulagi skyldi ekki gengið fyrr en 18. mars sem þýðir þriggja vikna frest fyrir stjórn Ferðafélagsins til að skoða málið. Eftir þann tíma yrði það auglyst svo fljótt sem auðið yrði.

Nokkuð þar á góma framtíðaruppbygging Hveravalla og veltu menn því fyrir sér hvornig samstarf heimamanna og Ferðafélags Íslands gæti orðið en fram kom hjá Ferðafélagsmönnum að samstarf við aðra aðila hefði gefist þeim misjafnlega sum staðar þar sem það hefði verið reynt. Fram kom samt að menn vildu ekki loka neinum leiðum en ljóst var að þeir sem ætla að vinna að þessum málum verða að setja sig inn í þau og ræða saman áður en þeir skrifa bréf sem geyma hæpnar fullyrðingar og neikvæðar. Í ljósi þessa fundar telur Hveravallanefnd skynsamlegast að láta þessa fundargerð svara bréfi forseta

3

Ferðafélagsins til að komast hjá að vekja upp deilur sem nefndin vill strika yfir með þessum fundi. Í lok þessa fundar horfa fundarmenn vonglaðir til að vinnubrögð verði í samræmi við þann góða tilgang að gefa fólki kost á að njóta Hveravalla en jafnframt vernda þessa dýrmatu náttúruperlu sem okkur er falið til varðveislu.

Fleira ekki fært til bókanar og fundi slitið.

Stefán A. Jónsson
ritari Hveravallanefndar

Stefán A. Jónsson

VEÐURSTOFA ÍSLANDS

Til samstarfsnefndar um skipulag á Hveravöllum
c/o hr. Páll Hjaltason, arkitekt
Síðumúla 20
108 Reykjavík

Aðsetur Bústaðavegur 9
150 Reykjavík
Sími (91) 600600
Símnafni METEO REYKJAVÍK
Telex 3000 SIMTEX IS METEO
Telefax (91) 28121

Tilv. vor.

064/95/MJ/KG

Tilv. yðar.

Dags.

27.2.1995

Fyrir skömmu barst Veðurstofu Íslands tillaga að deiliskipulagi af Hveravöllum á Kili frá Páli Hjaltasyni arkitekt, öðrum höfundum tillögunar, en áður hafði hann rætt við forráðamenn Veðurstofunnar (og veðurstöðvarinnar á Hveravöllum) um þetta efni.

Er skemmst af að segja að ekki þykir af Veðurstofunnar hálfu ástæða til að gera athugasemdir við fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi, enda fjallar hún ekki um hús eða lóð Veðurstofunnar á Hveravöllum.

Veðurstofunni þykir hins vegar rétt að benda á að eftir því sem fram kemur í áðurnefndri tillögu að deiliskipulagi er svo að sjá að aðalskipulag fyrir Hveravelli hafi hlotið meðferð skipulagsyfirvalda og verið samþykkt án þess að það væri nokkru sinni borið undir forráðamenn Veðurstofunnar og þó virðist þar gert ráð fyrir flutningi húsa Veðurstofunnar á skipulagstímabilinu (fyrir 2012).

Veðurstofunni er ennfremur ljóst af afriti bréfs Ferðafélags Íslands til samstarfsnefndarinnar, dags. 17. febrúar 1995, að ekki hefur heldur verið haft neitt formlegt samband við Ferðafélag Íslands vegna gerðar aðalskipulagsins.


Við undirbúning og umfjöllun aðalskipulagsins hefur þannig ekki verið haft samband við þá tvo aðila sem mesta starfsemi hafa haft á Hveravöllum undanfarna áratugi og verulegra hagsmuna hafa að gæta.

Skal í þessu sambandi bent á að Veðurstofan hefur frá árinu 1965 eða um 30 ára skeið rekið veðurstöð allt árið á Hveravöllum og haft þar að

staðaldri tvo starfsmenn við veðurathuganir og margháttaðar mælingar. Stöðvarhúsið var sérstaklega byggt fyrir þessa starfsemi, til þess fenginn vísindstyrkur frá Atlantshafsbandalaginu og staðsetning miðuð við það að heppilegt væri að gera veðurathuganir við húsið og þaðan víðsýnt til allra átta.

Það verður að teljast andstætt öllum venjum við ábyrg skipulagsstörf að hafa ekki samband til kynningar, upplýsingaöflunar og viðræðna við þá aðila, eins og Ferðafélag Íslands og Veðurstofuna, sem mikilla hagsmuna hafa að gæta. Við tökum því undir gagnrýni og mótmæli Ferðafélags Íslands um þetta efni. Að lokum bendum við á að mjög kostnaðarsamt yrði að flytja hús og önnur mannvirki Veðurstofunnar, vatnsveitu, rotþró o.s.frv. Einnig að húsið var byggt og lóð mörkuð að fengnu leyfi viðkomandi yfirvalda. Áskiljum við Veðurstofunni allan rétt í því sambandi.

Virðingarfyllst,



Magnús Jónsson
veðurstofustjóri

Afrit send til:
Skipulags ríkisins
Náttúruverndarráðs
Umhverfisráðuneytis
Ferðafélags Íslands



Stofnað 1927

Til samstarfsnefndar um skipulag á Hveravöllum
 c/o Páll Hjaltason arkitekt
 Síðumúla 20
 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 1995

Í framhaldi af fyrri viðræðum skal samstarfsnefndinni hér með tilkynnt, að á stjórnarfundum í Ferðafélagi Íslands fyrir fáum dögum var ákveðið, að af félagsins hálfu verði Péttri Guðmundssyni, formanni byggingarnefndar félagsins, og Sigurði Kristjánssyni, fráfarandi stjórnarmanni í félaginu, fyrst um sinn og þar til öðruvísi verður ákveðið, falið að annast samningaviðræður við samstarfsnefndina um framkomnar skipulagshugmyndir á Hveravöllum og um mögulegt samstarf um þjónustumiðstöð þar.

Auðvelt er að ná til þessara manna fyrir milligöngu skrifstofu Ferðafélagsins í Mörkinni 6.

Pálmari Kristmundssyni arkitekt hefur jafnframt verið falið að leita eftir vinsamlegum viðræðum við Pál Hjaltason arkitekt um málefni Hveravalla, sem að arkitektum snúa.

Með vinsamlegri kveðju

Páll Sigurðsson

forseti Ferðafélags Íslands

Ferðafélag Íslands

HVERAVELLIR

DRÖG AÐ DEILISKIPULAGI

janúar 1995

GREINARGERÐ

Drög að deiliskipulagi á Hveravöllum

Straumur ferðamanna á Hveravallasvæðið er mikill og sýna skráningar Ferðafélags Íslands, undanfarin ár, að hann fer ört vaxandi. Aukin aðsókn ferðamanna á staðinn, jafnt erlendrar sem innlendra, kallar á auknið skipulag og bættu aðstöðu. Stefnumörkun og hnitmiðuð áfangaaætlun er aðkallandi og samræmdar aðgerðir allra hagsmunaaðila um framtíðarskipan orðin tímabær.

Hugmyndir þessar að skipulagi fyrir Hveravelli eru unnar fyrir Ferðafélag Íslands síðla árs 1994. Þær sýna niðurstöður úr athugurum höfundar á uppbyggingu og eðli ferðamannabjónustu á Hveravöllum, í tveimur tillögum.

MARKMIÐ

Markmiðið með skipulaginu er að ná fram bestu gæðum í umhverfi Hveravalla, sem heildir. Þetta næst með því að vernda viðkvæm náttúruyrirbrigði fyrir ágangi manna og dýra og með því að varðveita hverasvæðið í sinni náttúrulegu mynd. Aukin umferð um svæðið kallar á ákveðið skipulag, á aukinn aga og markvissari stýringu á umferð og umgengni. Aukin stjórnun kallar á vissan aðbúnað og ákveðin mannvirki sem staðsetja þarf nærri svæðinu sjálfu. Mannvirki skulu umfram allt falla vel að landi og náttúru. Þau skulu vera sem hluti af umhverfinu, á láttlausan, en aðlaðandi hátt. Stefnt skal að því að byggingar myndi samræmda heild, bæði hvað staðsetningu og efnisval áhræfir.

Mannvirki skulu hafa vissa takmörkun í stærð og hæð til að falla vel að umhverfinu sínu og verða ekki of áberandi í landslaginu. Fáar smærri einingar auðveldra uppbyggingu í áföngum yfir lengra tímabil. Litlar einingar auðveldra einnig flutning á fullbúnum einingum á byggingarstað. Við frágang bæði bygginga og lands skal haft að markmiði að sifkt falli á eðlilegan hátt að því grófa og berangurslega landslagi sem einkenni Hveravelli.

Staðsetningu mannvirkja skal velja með tilliti til þess að sem minnst jarðrask fylgi framkvæmdunum.

ÁKVÆÐI AÐALSKIPULAGS

Aðalskipulag gerir ráð fyrir að vegurinn heim að Hveravöllum verði færður og að mannvirki þau er koma til með að þjóna hverasvæðinu séu staðsett í umtalsverðri fjarlægð frá núverandi mannvirkjum. Aðalskipulag gerir enn fremur ráð fyrir að mannvirki Veðurstoðinnar standi enn um sinn, en verði færð á skipulagstímabilinu. Hverfirir og svæðið í kring eru fríðlyst land samkvæmt aðalskipulagi. Fríðunin miðar að verndun alls umhverfisins og undirstrikar þá stefnu að sem minnst beri á jarðraski og mannvirkjum þegar svæðið er gengið.

AÐKOMA

Aðkoma að nýju þjónustumiðstöðinni verður um nýjan veg frá Kjalvegi. Í tillögu 1, liggur nýji vegurinn fjær hverabungunni, en núverandi vegur. Fjarlægja þarf gamla vagninn og bílastæðin og ganga frá melnum með ræktun eða ofaniburði með efni því sem fyrir er á melnum. Í tillögu 2, er aðkoma að nýbyggingum á sama stað og áður, en tengivegur þaðan að aðskildum bílastæðum fyrir tjaldstæðin.

LEGA NÝBYGGINGA

Í tillögu 1, er nýri þjónustumiðstöð Fí valinn staður í jaðri fríðlystasvæðisins, austan hverabungunnar. Byggingar munu rísa í aflíðandi landi ofan við slétta flöt, sem nýlíst vel fyrir aðkomu og bílastæði. Þessi staðsetning hefur í för með sér lágmarks jarðrask. Staðurinn er að mestu í hvarfi frá hverasvæðinu sjálfu og byggingin er í skjóli fyrir norðan- og vestanátt. Aðeins hluti byggingarinnar er sýnilegur frá hverasvæðinu. Úr þeim hluta byggingarinnar, sem hýsir setustofu/matstofu, er útsýni yfir hverasvæðið.

Í tillögu 2, er nýju þjónustumiðstöðinni valinn staðsetning uppi á melnum norður af hverasvæðinu. Þaðan er auðugt útsýni til allra átta og góð yfirsýn yfir hverasvæðið.

AÐKOMA OG BÍLASTÆÐI

Skipulag aðkomu og bílastæða er mikilvægt verkæri við stýringu umferðar fólks um svæðið. Í tillögu 1, er aðkomuhlaðið staðsett í ákveðinni fjarlægð frá þjónustumiðstöðinni til þess að komi veg fyrir örröð við innganga og gefa vissar rými án bílaumferðar við miðstöðina sjálfa. Langferðabíleir geta lagt í sér stæði sem næst þjónustumiðstöðinni og eiga auðvelt með að aathafna sig án þess að skapa hættu fyrir aðra vegfarendur. Auk venjulegra bílastæða eru stæði fyrir bíla með tjalðvagna og hjólhýsi.

Frá aðkomusvæðinu er vegaslóði sem liggur að aðstöðu fyrir eldhúsbíla og eldhústíðil og að stæðum fyrir húsbíla og bíla með tjalðvagna og aðrir áir tur aldútt

að öllum tjalldstæðum er því frá hlaðinu og auðveldar það landvörðum alla stýringu umferðar inn á svæðið.

Tillaga 2, gerir ráð fyrir séráðkomu að tjalldstæðum og aðskilur þannig umferð gesta þjónustumiðstöðvarinnar og tjalldstæðagesta.

TJALLDSTÆÐI

Núverandi tjalldstæði þarf að stækka töluvert til þess að anna vaxandi eftirspurn. Skipulag tjalldstæða þarf að miða að því að hilla landinu sem mest. Minnka má álag á landið með því að leggja göngusíga um svæðið og skipuleggja afmarkaða reiti, þannig að auðvelt sé að hvíla viss svæði fyrir ágangni til að vernda yfirborðið. Á tjalldstæðum þarf að vera lágmarks aðstaða fyrir gesti. Útviskar og skipulagð útgrilli þurfa að vera með vissu millibili. Útlit þessara mannvirkja þarf að vera látaust og í takt við nánasta umhverfi. Til að stækka tjalldstæði þarf að reykta upp hluta melanna og fylla í eyður lækjarbakkanna. Slík reaktiun ætti að fara fram með samskonar gróðri og vex á staðnum. Rannsóknarstofnun Landbúnaðarins ætti að vera innan handar með ráðleggingar varðandi uppgæðslu þessara svæða.

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ F.Í.

Þjónustumiðstöðin samanstendur af fimm meginþáttum: 1, anddyri, eldhúsi og setustofu, 2, gistiáðstöðu, 3, hreinlætisaðstöðu, 4, viðvalarhúsi og 5, hlybýlum starfsfólks.

- Anddyri og setustofa eru aðgengileg fyrir alla gesti svæðisins. Þar er upplýsingaþjónusta fyrir Hveravelli og nágrenni. Aðstaða er til að kaupa léttar veitingar og njóta útsýnis yfir hverabuguna. Öll aðstaða almennings þarf að vera til fyrirmyndar hvað frágang og yfirbragð snertir. Góður aðbúnaður hvetur til bættar umgengni og virðingu fyrir viðkvæmri náttúru staðarins.

- Stærsta eining byggingarinnar er nýtt undir gistirými. Í fyrstu er gert ráð fyrir gistirými fyrir 80 manns, en gert er ráð fyrir stækkun hússins sem myndi tvöfalda gistirýmið. Eldhús er tvennskonar: til afgreiðslu á léttum veitingum til almennings í setustofu og tengt því annað eldhús til nota fyrir gesti í gistirýmum.

- Í báðum tillögum er hreinlætisaðstaðan tvískipt: Annars vegar fyrir gesti þjónustumiðstöðvarinnar og er staðsett innan veggja miðstöðvarinna. Hins vegar hreinlætisaðstöðu fyrir þá sem dvelja á tjalldstæðunum. Við það aðkomuhlaðsins, gengt þjónustumiðstöðinni, eru byggingar sem hýsa alla hreinlætisþjónustu fyrir gesti staðarins svo sem snyrtingar (fyrir bæði kyn ásamt fötluðum),

þurkthalla fyrir m.a. hestamenn, hjólríðamenn, göngumenn og tjalldstæðagesti á votvirdisögum. Ennifremur eru þar geymslur fyrir áhöld vinnuhópa og landvarða og fyrir reiðhjól og annan búnað gesta. Þetta fyrirkomulag gerir kleift að færa hreinlætisaðstöðuna nær tjalldstæðum og draga úr óþarfa umgangi tjalldstæðagesta um þjónustumiðstöðina.

- Í öðrum enda þjónustumiðstöðvarinnar, næst bílastæðum, er gert ráð fyrir viðvalarhúsi fyrir dagsgesti. Viðvalarhúsi er borðsalur með litlu eldhúsi ætlað höpum sem sækja staðinn heim, en eru með drykkjartöng og viðbit meðferðis. Þessi aðstaða er orðin brýn víða á hálendinu.

- Fimmti þáttur þessarar þjónustumiðstöðvar, eru hlybýli starfsfólks. Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir 3-4 landverðri ásamt starfsmönnum Náttúruverndar-ráðs og Sauðfjárveikivarna.

NÚVERANDI MANNVIRKI

Gert er ráð fyrir að nýi skáli Ferðatélagsins hverfi með tilkomu nýju þjónustumiðstöðvarinnar. Gamli skálinn mun standa áfram, en húsið er vel staðsett neðan við hverina og mjög vinsælt meðal ferðamanna. Má segja að það og hlutverk þess sé löngu rötgróið á þessum stað. Gamli skálinn og laugin eru án efa eitt af sérkönnum Hveravalla og ásamt hverunum eitt helsta aðdráttarafi staðarins. Útlit gamla skálans má þó færa í látausara horf og gert er ráð fyrir að við hann verði byggð búningaástaða með sturtuklefum fyrir laugina. Laugin verður endurbætt og gegnumstreymi um hana aukíð til að hún hreinsi sig betur. Stígakerfið um hverasvæðið verður bætt til að draga úr álagi á jarðvegginu umhverfis hverina. Hús Sauðfjár-veikivarna mun hverfa og aðstaðan færð inn í þjónustumiðstöðina.

Auk hinnar nýju þjónustumiðstöðvar Ferða-félagsins munu þrjú hús standa eftir á svæðinu. Það er steinhlaðna sæluhúsið, sem Náttúru-verndarráð er að láta gera upp, gamli skáli Ferðatélagsins og hús Veðurstofu Íslands.

STÍGAKERFI OG UPPLÝSINGATÖFLUR

Upplýsingatöflur og greinilega merktir göngustígar eru nauðsynlegir þættir til að styra umferð og draga úr ágangi. Vel skipulagðar göngubrautir um hverabuguna er bæði vörn gegn ágangi umhverfis hverina og öryggisatriði fyrir gesti. Við útfærslu og efnisval slíkra brauta er mikilvægt að ekki verði lýti af. Merktir göngustígar um Hveravelli og umhverfi þeirra, stuðlar einnig að dreifingu ferðamann yfir stærra svæði þegar aðsókn er mikil.

YFIRBORÐ OG EFNISVAL

Byggingar skulu falla vel að landslagi og vera í fastmótuðu samhengi við nánasta umhverfi. Efnisval er ekki síður mikilvægur hluti í aðlögun að staðhættum en form bygginga.


Við frágang bílastæða og annara svæða sem umferð er um skal nota efni af staðnum eins og unnt er. Athuga skal hvort grjóf og mól af melinum henti til að mynda einskonar bundið sillag á þessi svæði. Mynsturmerkingar fyrir stæði og fleira má mynda með vali mismunandi efna sem finnast á svæðinu.

Lagfæringar á yfirborði, eftir mannvirki sem hafa verið fljarlægð, skal vanda sérstaklega, þannig að ekki sjást vegsummerki fyrir aðstæðna. Sama gildir um lagnir, bæði frærenslir og aðrennslir, en frágangi lagna er víða ábótavant á hálendinu. Nýting jarðhita til húshitunar og neyslu þarf að vera í fóstum skorðum. Finna þarf varanlega lausn á hitaveitu sem hefur ekki áhrif á hverina og spillir ekki umhverfinu.

Hveravallasvæðið er í örum vexti sem viðkomustaður ferðamanna á leið um Kjöl. Hverinnir og laugin hafa mikið aðdráttarafi og dregur margann gestinn að, jafnt að vetri, sem sumri. Kanna þarf gaumgæfilega hvernig þær mismunandi kröfur, sem ferðamannaþjónusta á þessum andstæðu árstíðum setur, fara saman. Skildu hugmyndir um hálendisvegi og hálendisborgir, hafa þar áhrif á?

Reykjavík í janúar 1995
Pálmar Kristmundsson

- 1 Veðurathugunarstöð
- 2 Gómgustigjar
- 3 Hverasvæði
- 4 Steinhlaðið sæluhús
- 5 Hús Stautífarveikivarna
geri er ráð fyrir að það verði fjaraeigt
- 6 Gamla sæluhús Fí og laug
- 7 Blástæði
- 8 Nýja sæluhús Ferðafélags Íslands
geri er ráð fyrir að það verði fjaraeigt
- 9 Tilraunarestur Rannsóknarskrifstofnunar
Landbúnaðarins
- 10 Tjaldstöði



Ferðafélag Íslands

HVERAVELLIR

NÚVERANDI AÐSTADA


Janúar 1995

Kvarði 1:3000



Tillaga 1

- 1 Védurathugunarstöð gert er ráð fyrir að stöðin verði flutt fyrir árið 2012 (skv. aðalskipulagi)
- 2 Öngustígar endurbætt stígakærni um allt hverasvæðið
- 3 Hverasvæði
- 4 Sæturhús F1 og laug lagt er til að byggj verði við buringsstöðva og sturtur
- 5 Ný þjónustumstöð F1 með mentókúsal, gísirfýmum, flýgum starfsmanna og vöðvalmúsi
- 6 Hlað: aðkoma og bílastæði
- 7 Hreinlætisstöða f. ljáðstöðva-gesti, hjólaþálmennir, restamenn og almennir
- 8 Tjaldstöð f. bíla með tjaldvagna og hjólhýsi
- 9 Aðstaða f. hópa með echusóla og eichustjöld
- 10 Tjaldstöð með útvöskum og grilli
- 11 Almennakúpur veggstöð inn á ljáðstöð, takmörkuð umferð
- 12 Nýr aðkomuvegur frá Kjalvegi




- Þjónustumstöð og bílastæði eru að mestu leiti í hvarfi frá hverasvæðinu.
- Útsýni er frá verönd og setustofu yfir hverasvæðið.
- Byggingar falla vel að landi með skjól fyrir norðri og vestri.
- Nybyggingar eru utan innlýsis svæðis, en í góðum tengslum við hverasvæðið og laugina.
- Staðsetning gefur möguleika á nýtingu jarðvarma til húshitunar.

Ferðafélag Íslands

HVERAVELLIR 54

DEILISKIPULAG TILLAGA 1
janúar 1995

kvarði 1:3000



Tilaga 2

- 1 Væðingartugunarskið gert er ráð fyrir að síðin verði lutt fyrir árið 2012 (skv. aðalskipulagi)
- 2 Gönguástígar endursætt sigðakerfi um allt hverasvæðið
- 3 Hverasvæði
- 4 Hlað, aðkoma og bílastæði
- 5 Upplýsingatala
- 6 Ný þjónustumstöð Fj með mótökusal, gisríymum, hlýlum svæðismanna og viðvaramúsi
- 7 Sæluhúsi Fj og laug lagt er til að byggja verði við búningaásetningu og suttur
- 8 Þjaldstæði f. bíla með þjaldvagna og hjólhýsi
- 9 Stæði langferðabíla
- 10 Aðstæða f. hópa með eldhúsla og eikhúspóli
- 11 Stæði fyrir einkabíla
- 12 Hreinlætsstöð f. þjaldstæðagest, hjólfélagamenn, hestamenn og áhring
- 13 Þjaldstæði með útvöskum og gríli

- Hverasvæðið er vel sjáanlegt frá bílastæðum og þjónustumstöð.
- Bílastæði fyrir þjaldstæði og bílastæði eru aðskilin.
- Byggingarnar standa tignarlega eftir á meinum með gott útsýni til allra átta.
- Öll mannvirki eru staðsett vel utan fríðlysts svæðis og samt í góðum tengslum við hverasvæðið og laugina.
- Nýting jarðvarma til húshitunar er ákjósanleg.


Ferðatöfla Íslands

HVERAVELLIR 55

DEILISKIPULAG TILLAGA 2
januar 1995

varðnúmer: 100






- 1 Laug
- 2 Vriðbygging; þuningsaðstaða og sturtur
- 3 Gamla sæluhús Fí
- 4 Upplýsingatæfla
- 5 Göngustígur
- 6 Göngustígur
- 7 Útjavaskar og útgírnill
- 8 Tjaldstæði gróin og uppræktub með gróin sem fyrir er á staðnum
- 9 Eldhús og setustofa með útsýni yfir hveravæðið
- 10 Anddyri
- 11 Eldhús, fyrir matsal og gistiyrmi
- 12 Gistiyrmi fyrir allt að 80 manns
- 13 Grjófgarður; stöðveggar aðkeyrsla með vörur að eldhúsi
- 14 Hreinlætisaðstaða fyrir ferðamenn; snyrtingar, sturtur, reiðhjólageymsla, hnakkageymsla, þurkhjallur o.fl.
- 15 Hlað; aðkoma með upplýsingatöflu um Hveravallasæðið
- 16 Hreinlætisaðstaða fyrir þjónustumiðstöðina
- 17 Skjóljóð útirými með heitum laugum
- 18 Viðvalarhús fyrir hópa með eigið næsti
- 19 Stæði fyrir langferðabíla
- 22 Vegsiði, skýrt atmarkaður síði að tjaldstæðum
- 21 Friðlýst svæði
- 22 Aðstaða fyrir eldhúsbíla og eldhústjöld
- 23 Híbyll landvarða og starfsmanna
- 24 Náttúruverndarráðs og Sauðfjárvellivarna
- 24 Einkastæði 48
- 25 Fyrirhuguð stækkun snyrtiaðstöðu
- 26 Stæði fyrir bíla með tjaldvagna eða hjólysi
- 27 Tjaldstæði fyrir bíla með tjaldvagn eða hjólysi

Ferðafélag Íslands

HVERAVELLIR

DEILISKIPULAG TILLAGA 1
janúar 1995

kvæði 1:1000




- 1 Laug
- 2 Viðbygging : búningaástaða og sturtur
- 3 Gamla sæluhús FÍ
- 4 Útvaskar og útlínill
- 5 Tjaldstaði, gróin og uppræktuð með gróni sem fyrir er á staðnum
- 6 Göngustígur
- 7 Hreinlætiástaða fyrir ferðamenn; snyrtingar, sturtur, reiðhjólageymsla, hnakkageymsla, þurkijallur o.fl.
- 8 Göngustígur
- 9 Tjaldstaði fyrir bíla með tjaldivagna eða hjólhýsi
- 10 Friðlýst svæði
- 11 Staði fyrir langferðabíla
- 12 Einkastaði 50
- 13 Híbyll landvarða og starfsmanna Náttúruvondarráðs og Sæuðfjarveijivarna auk upplýsingaþjónustu og skrifstofu
- 14 Ábstaða fyrir eikhúsbíla og eikhústjöld
- 15 Gísirými fyrir allt að 80 manns
- 16 Eihús, matsalur og setustofa með útsýni yfir hverasvæðið
- 17 Anddyrn
- 18 Aðkeysla með vörur að eihúsi
- 19 Skjólítt útirými með heitum laugum
- 20 Hreinlætiástaða fyrir þjónustumiðstöðina
- 21 Staði fyrir langferðabíla
- 22 Viðvalarnús fyrir hópa með eigið mesti
- 23 Staði fyrir bíla með tjaldivagna eða hjólhýsi
- 24 Tengivegur milli miðstöðvar og tjalðstaða
- 25 Aðkoma með upplýsingatöflu um Hveravallasvæðið
- 26 Einkastaði 48

Ferðafélag Íslands

HVERAVELLIR

DEILISKIPULAG TILLAGA 2

Janúar 1995



HEILBRIGÐISEFTIRLIT NORÐURLANDS VESTRA

Stjórnsýsluhúsinu • 550 Sauðárkrókur • Sími: 95-35400 • Fax: 95-36280

Sauðárkróki 28. ágúst 1995

Ferðafélag Íslands
Mörkiinni 6
108 Reykjavík

Efni: sýnataka og eftirlit í skálum Ferðafélagsins á Hveravöllum:

Dann 10. ágúst síðastliðinn fór heilbrigðisfulltrúi í eftirlitsferð að Hveravöllum. Mjög vel virðist gengið frá frænnisli og sorpi en það sem mætti lagfæra er eftirfarandi:

1) Aðstaða fyrir þá tæplega 5.000 sem og nýra eldunaraðstöðu er ófullnægjandi og aðstaðan er léleg og er vart boðleg fyrir þá 5.000 gesti sem gista árlega á Hveravöllum.


2) Heilbrigðiseftirlitið vill vekja athygli Ferðafélagsins á grein 69. í heilbrigðisreglugerð nr. 149 frá 1990 en þar er kveðið á um að hverjum gesti skuli ekki vera ætlaðir minna en 6 rúmmetrar í svefnskálum en þó geti heilbrigðisnefnd veitt leyfi fyrir að 5 rúmmetrar komi á hvern gest.. Samkvæmt ónáækvæmri áætlun heilbrigðisfulltrúa þá virðist sem þessu ákvæði sé ekki uppfyllt í stærri skála Ferðafélagsins.

Heilbrigðiseftirlitið fer því fram á að Ferðafélagið mæli skálana og hámarki gestafjölda í samræmi við reglugerðina. Heilbrigðiseftirlitið óskar jafnframt eftir að fá sendar niðurstöður mælingana.

3) Koma þarf upp sturtu við laugina.

Gerlafjöldi í vatnssýni sem tekið var úr náttúrulaug reyndist viðunandi ef tekið er mið af erlendum baðvatnsstöðlum. Þó virðist ekki vanþörf á að koma upp sturtu við laugina þar sem baðgestir gætu sápað sig og þvegið áður en gengið er til laugar. Að minnsta kosti þarf Ferðafélagið að koma upp einhverskonar baðaðstöðu fyrir gesti við gistiskálann skv. 69. grein heilbrigðisreglugerðarinnar og gæti sturta við laug verið slík aðstaða.

Virðingarfyllt



Sigurjón Þórðarson
heilbrigðisfulltrúi



Sauðárkróki, 19. júlí 1996

Ferðafélag Íslands
Mörkinni 6
108 Reykjavík

Eftirlit þann 17. júlí s.l. í að Hveravöllum, leiddi eftirfarandi í ljós:

Stærri skáli F1 :

- 1) 38 gestum er seld gisting í rými sem ætlað er helmingi færri gestum samkv. heilbrigðisreglugerð nr. 149 frá 1990. Samkv. áðurgreindri reglug. getur heilbrigðisnefnd veitt leyfi fyrir því að 22 gestir noti aðstöðuna.
- 2) Aðstaða í eldhúsi samanstendur af 3 gashellum og 1 vaski. Matar og drykkjarflát voru sum hver skörðótt og vinnuborð úr efnum sem ekki er auðvelt að þrifa.
- 3) Ekki er um neitt rými fyri ræstiáhöld eða ræstivaskur, utan skáps í einu horni skálans. Þrif voru þokkaleg, utan þess að þurrka þarf af í eldhúsi.
- 4) Gólfdukur í svefnskála er slitinn og þarfnast endurbóta.

Salerni og fráveita:

- 1) 4 vatnssalerni eru á Hveravöllum auk útikamars. Þrif á salernum voru góð en það sem helst má bæta er að sápu vantaði við handlaugar.
- 2) Heilbrigðiseftirlitið hefur ekki enn fengið sendar teikningar af rotþró og siturlögn. Það sem blasir við að þurfi að gera, er að laga frágang við rotþróna. Loftunarop á rotþró standa vel úr jarðvegi og gapa á tjaldstæði. Sömmuleiðis þarf að jafna úr malarhaug sem stendur við rotþróna.

Baðlaug og Tjaldstæði:

- 1) Setja þarf upp sturtu við baðlaug. Samkv. 69. grein heilbrigðisreglugerðar er gístiskálum skylt að hafa baðaðstöðu
- 2) Bæta þar gegnumrennsli í laugina. Núverandi rennsli er samanstendur af 2 plaströrum, annars vegar köldu vatni og hins vegar heitu. Rörin eru mikil lýti og það sem verra er, að hugsanlega stafar slyshætta af heita vatninu þar sem það er 80 °C og getur valdið bruna, ef kaldavatns rennsli nýtur ekki við.
- 3) Koma þarf rollum í burt af svæðinu þar sem baðvatnið rennur um lambaspörð. Þetta á raunar einnig við um tjaldstæðin, þar sem rollurnar valsa um. Samkv. 75 grein heilbrigðisreglugerðar er gerð sú krafa til tjaldstæða að þau séu skepnuheld.

- 1) Eldhús er með svipnum...
- 2) Of mörgum er ætlað að gista í skálanum. A neori næo i minna...
að gista en einungis er leyfilegt að 5 manns gisti þar. Í stærra herbergi er 12 ætlað
að gista en einungis 8 er leyfilegt að gista samkv. heilbrigðisreglugerð.
- 3) Dýnur voru skítugar.


Undirritaður skoðaði aðstöðuna ásamt 2 heilbrigðisfulltrúum Heilbrigðiseftirlits
Suðurlands undir ágætri leiðsögn landvarðarins Halldóru.

Heilbrigðiseftirlitið gerir eftirlarandi kröfur til rekstraraðila:

- 1) Að nú þegar verði ekki seld fleirum gisting í skálana, umfram það sem reglugerðin
leyfir.
- 2) Þrifa þarf dýnur strax.
- 3) Girða þarf svæðið af fyrir sauðfé fyrir næsta sumar.
- 4) Heilbrigðiseftirlitið mun síðar gera kröfu um bættu eldunaraðstöðu í samráði við
Hollustuvernd ríkisins.
- 5) Koma þarf upp sturtuáðstöðu og lagfæra baðlaug fyrir 1. júlí 1997.
- 6) Laga gólfdukk fyrir 1. júlí 1997.
- 7) Fá sendar nánari uppl. um rotþró og áætl. fjölda sem notar salerni og eldhús.
- 8)

Ef ágreiningur rís upp vegna framkvæmd heilbrigðisreglugerðar er heimilt að vísa
málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins.

Virðingarfyllst


Sigurjon Þórðarson
heilbrigðisfulltrúi

Afrit: Hollustuvernd ríkisins
Ferðamálafulltrúi A- Húnavatnssýslu
Landverðir Hveravöllum

Sauðárkróki 20. nóvember 1995

Nýja Teiknistofan hf
Páll Hjaltason arkitekt
Síðumúla 20
108 Reykjavík

Umsögn um: Deiliskipulag Hveravalla frá því í mars 1995, uppdrátt af svæðinu frá því í nóvember 1995 og Frummat á Umhverfisáhrifum frá því í ágúst 1995.

1) Frá sjónarhóli Heilbrigðiseftirlitsins eru breytingarnar á Hveravöllum til mikilla bóta þar sem aðstaða fyrir ferðafólk í stærri skála Ferðafélags Íslands er ekki í samræmi við heilbrigðisreglugerð nr. 149 frá 1990 og reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti nr. 522 frá 1994.

2) Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemd við staðsetningu eldsneytistanka en leggur áherslu á að frágangur þeirra verði í samræmi við reglugerð um varnir gegn olíu mengun frá starfssemi í landi nr. 35 frá 1994 og skal frágangi tanksins vera í samræmi við 1. flokk 22. greinar reglugerðarinnar.

Heilbrigðiseftirlitið leggur jafnframt til að verð á eldsneyti verði hærra en gengur og gerist í dreifbýli til þess að draga úr sölu á svæðinu og minnka þannig umferð olíubíla á svæðið.

3) Heilbrigðiseftirlitið telur æskilegt að reynt verði að nýta þá rotþró og siturlögn sem fyrir er á svæðinu ef mögurlegt er, en hún er í eigu Ferðafélags Íslands. Ferðafélagið sótti ekki um leyfi fyrir henni og hefur ekki sent inn teikningar af henni til samþykktar. Heilbrigðiseftirlitið getur því ekki sagt fyrir um hvort rotþróin og frágangur sé fullnægjandi, en ef svo er þá er eðlilegt að hún sé notuð áður en nýtt svæði er tekið undir rotþró og siturlögn. Til þess að heilbrigðiseftirlitið geti kveðið upp úr með hvort rotþróin sé fullnægjandi þá þarf að áætla fjölda gesta en nú eru þeir um 10.000 á ári og fá upplýsingar um stærð rotþróar og teikningu af siturlögn.

Hér með er ekki verið að fella dóm yfir því svæði sem tekið var frá á teikningu fyrir rotþró, á teikningu frá því í nóvember.

Undirritaður vildi gjarnan fá að sjá heimildir fyrir því að skipta þurfi um jarðveg í siturlögn á 3-5 ára fresti eins og fram kemur á bls 14 í frummati á umhverfisáhrifum.

4) Heilbrigðiseftirlitið telur æskilegt að komast hjá öllum akstri með vatn. Í því augnamiði má nota hveravatn beint í vatnssalerni og til þvotta og spara þannig neysluvatn úr lindum. Samkvæmt niðurstöðum frá því í sumar sem Heilbrigðiseftirlitið tók, þá virtist sem ástand núverandi neysluvatns vera viðunandi.

Virðingarfyllst



Sigurjón Þórðarson
heilbrigðisfulltrúi





S: 680233, Fax: 680397

Varðar: Deiliskipulag á Hveravalla

Kynningarfundur

Staður: Nýja Teiknistofan.

Tími 1. júlí 1996.

Mættir	Magnús Oddson	Ferðamálastjóri	(MO)
	Birgir Þorgilsson	Formaður ferðamálaráðs	(BÞ)
	Ófeigur Gestsson	Ferðamálafulltrúi í Húanavatnss.	(ÓG)
	Páll Hjalti Hjaltason	Nýju Teiknistofunni hf	(PHH)
	Bjarni Viðarsson	Verkfræðistofunni Fjölhönnun hf	(BV)

Ó.G. biður menn velkomna til fundarins. Ákveðið að PHH og BV byrji á að kynna deiliskipulag Hveravalla, aðstæður á staðnum og væntanlegar framkvæmdir áður en farið verði í almennar umræður.

PHH sýnir ljósmyndir teknar á neðri hverabungunni er sýna marga fallegustu og sérstæðustu hveranna.

Gerð grein fyrir tillögum Samvinnunefndar um svæðaskipulag Miðhálandis Íslands varðandi Kjöl og Hveravelli. Þar er sýnd svonefnd beltaskipt landnotkun Miðhálandisins, með samgönguleið um Kjalveg og ferðamannamiðstöð á Hveravöllum.

Deiliskipulagið og megin hugmyndir að baki þess kynntar. Meðal annars kemur fram að starfsemin færir mestu leiti undir eitt þak og að staðsetning nýja hússins er valin þannig að mannvirkin sjáist að mjög litlu leiti frá hverabungunum.

Farið yfir vide myndir af núverandi hitaveitumannvirkjum í Heimilishver og Nýjahver, gróðri og gróðurskemmdum ásamt núverandi húsum og aðstöðu. Samhliða þessu var lýst nánar þeim nýframkvæmdum sem deiliskipulagið sýnir og ætlað er að bæta áður nefnd atriði.

Í lok kynningarinnar var fjallað um fyrirhugaða starfssemi.

Stefnt er að því að ekki verði veruleg aukning í gestafjölda næstu árin.

Um 70 % næturgesta hefur á undanförunum árum gisti á tjaldstæði.

Gerð verður áætlun um umhverfissvöktun í samráði við Náttúruverndarráð og hámarksfjöldi á tjaldstæði ákvarðaður út frá niðurstöðum hennar.

Lögð fram frumdrög að grunnmynd nýja hússins, um 610 m², og rætt um tegund gistirýma.

Í umræðum að kynningunni lokinni kom fram að æskilegt væri að málið væri kynnt sem best þannig að ekki skapaðist misskilningur um fyrirhugaðar framkvæmdir.

Ferðamálaráði var boðið til staðarskoðunar og frekari kynningar á Hveravöllum.

Einnig kom fram sú hugmynd að bjóða aðilum í ferðaþjónustu á kynningarfund.

Kynningarfundinum var slitið kl 12:00

...ero á Hveravöllum - Vélsleðaferðir

Fundur á Fjölhönnun hf með Sævari Reynissyni formanni LÍV á Suðvesturlandi og þrem öðrum félögum samtakanna um vetrarferðir vélsleðamanna á Hveravelli og nýtt deiliskipulag staðarins.

BV, býður hópinn velkomin og kynnir fyrirhugaðar framkvæmdir samkvæmt deiliskipulagi fyrir Hveravelli.

Að kynningu lokinni er farið yfir vetrarferðir vélsleðamanna á Hveravelli og deiliskipulagið rætt með tilliti til þeirra og áforma um vetrarstarfssemi í þjónustuhúsinu.

Yfirleitt er ekki kominn nægjanlega mikill vel frosinn snjór til að auðvelt sé að fara á Hveravelli fyrir jól að neinu marki. Hér er bæði um að ræða snjó á hálendinu og snjó í byggð til að komast inn á hálendið.

Vélsleðaferðir liggja að mestu niðri í janúar og febrúar vegna veðurs.

Aðaltími vélsleðaferða á Hveravelli er mars, apríl og maí mánuðir. Mest er umferðin í apríl.

Umferðin er mest á helgum og oft eru skálarnir fullbókaðir, 60 manns í gistinu. Inn í miðri viku dettur umferðin niður.

Nokkuð er um árshátíðir og samkomur á Hveravöllum og fyrir kemur að yfir hundrað manns eru á svæðinu í mars og apríl. Nýlegt dæmi er árshátíð vélsleðasölu Gísla Jónssonar fyrir tveimur vikum en þá voru um 80 manns á Hveravöllum. Annað dæmi er landsmót vélsleðamanna sem venjulega er haldið í Kerlingarfjöllum. Þangað mæta um 150 manns og þá fylgja allir nálægir fjallaskálar.

Um áramótin er oftast hópur manns á Hveravöllum, t.d. um 80 manns um síðustu áramót.

Vélsleðamenn hafa komið upp gámi með verkfærum vestan veðurstofuhússins.

Þessi gámur hefur komið sér mjög vel í vetrarferðunum.

Mikilvægt er að koma upp viðgerðaraðstöðu í þjónustuhúsinu í rými þar sem auðvelt er að koma inn vélsleðum, áður en þessi gámur verður fjarlægður.

Gamla laugin nýtur mikilla vinsælda á veturna og sækja menn í að baða sig þar í öllum veðrum. Þó mætti hitastýringin í laugina vera betri þar sem oft tekur langa tíma að fá betra hitastig á vatnið.


Hópnum frá LÍV lýst vel á fyrirhugaða uppbygginu á Hveravöllum sérstaklega að til standi að bæta aðstöðuna þar frá því sem nú er. Hópurinn lýsir áhuga á að fylgjast með stofnun hlutafélags um þjónustuhúsið.

Vélsleðamennirnir benda á að þeir sem bjóði jeppaferðir á Hálendið séu stór og vaxandi hópur sem gæti nýtt sér þjónustuhúsið. Þetta eru fyrirtæki eins og Langjökull hf Geysir, Addis - jeppar, Íslands - jeppar ofl. Jeppaferðirnar eru auðveldari og eftirsóttar af ferðamönnum og eru alltaf að aukast. Snjósleðaferðir inn á hálendið eru langar, nokkuð erfiðar og krefjast reynslu og styrkleika. Þessar ferðir eru því mest farnar af áhugamönnum um vélsleða en ekki ferðamönnum.

B.V. þakkar góða fund, gagnlegar upplýsingar og óskar eftir frekara samráði við LÍV um fyrirhugaðar framkvæmdir og vetrarstarfssemi.

MIÐHÁLENDI ÍSLANDS

Svæðisskipulag 1995-2015




Beltaskipt landnotkun

C. Skipulagsáætlun

Stefnumörkun í skipulagsmálum á Miðhálandi Íslands

Sent samvinnunefnd í desember 1996

dags. 4. desember 1996



LANDMÓTUN HF

Einar E. Sæmundsen
Gísli Gíslason
Yngvi Þór Loftsson
Landslagsarkitekta FÍLA

sími 554 5300
fax 554 5360

Nýbýlavegi 6, (frá Dalbrekku) 200 Kópavogi

2.0 STEFNUMÖRKUN Í SKIPULAGSMÁLUM Á MIÐHÁLENDI ÍSLANDS

Hér er með almennum hætti tekið saman yfirlit um megindrætti stefnumörkunar í landnotkun á Miðhálandi Íslands. Í köflum C3-C15 er síðan gerð nánari grein fyrir tillögugerð og útfærslu í hverri sýslu fyrir sig til nánari útskýringar á landnotkunaruppdrætti, sem fylgir þessari greinargerð.

2.1 MEGINDRÆTTIR SKIPULAGSÁÆTLUNAR

Stefnumörkun í skipulagsmálum á Miðhálandinu byggir á þeirri grunnhugmynd að deila Miðhálandinu upp í stórar samfelldar landslagsheildir og belti, eftir mannvirkjastigi og verndargildi. Annars vegar eru *verndarheildir* og hins vegar *mannvirkjabelti*. Þannig er stuðlað að því að allri meiriháttar mannvirkjagerð verði haldið á afmörkuðum beltum, en á hinn bóginn tekin frá sem stærstar og samfelldastar verndarheildir þar sem framkvæmdum er haldið í lágmarki. Innan verndarheildanna eru stærstu ósnortnu víðerni Íslands. Almennt séð ber að halda hverskonar mannvirkjagerð á Miðhálandi Íslands í lágmarki og þess í stað að beina henni á jaðarsvæði hálendisins. Verndarheildir og mannvirkjabelti koma ekki fram sem sérstakir landnotkunarþættir á skipulagsuppdrætti, en eru engu að síður leiðbeinandi og stefnumarkandi varðandi alla mannvirkjagerð og afmörkun hvers konar verndarsvæða á hálendinu.

2.1.1 Verndarheildir

Verndarheildir Miðhálandisins markast mjög af jarðfræðilegri uppbyggingu landsins og fylgja þau NA-SV stefnu eins og gosbeltin. Verndarheildir eru í megindráttum þrjú; i) “*austurbeltið*” sem nær yfir eystra gosbeltið, Vatnajökul og víðerni norðan hans, ii) “*vesturbeltið*” sem nær yfir vestra gosbeltið ásamt Langjökli og vestur um Arnarvatnsheiði og Tvídæguru, og loks iii) “*miðbeltið*” sem liggur á milli austur- og vesturbeltanna. Um sunnanvert Suðurhálandið er mannvirkjabelti sem liggur þvert á verndarheildir með A-V stefnu og deilir þeim upp í minni einingar. Stærst þeirra er Fjallabakssvæðið sunnan Fjallabaksleiðar nyrðri og byggðalínu.

Innan verndarheildanna eru stærstu landnotkunaflokkar skipulagsáætlunarinnar; *náttúruverndarsvæði* og *verndarsvæði*. Náttúruverndarsvæðin ná til mikilvægustu náttúruminja og stærstu óröskuðu víðerna hálendisins. Verndarsvæði hafa hins vegar víðtækt verndargildi sem tekur til náttúruminja, fornminja, vatnslinda og mikilvægra útivistarsvæða. Á þessum svæðum eru helstu göngu- og reidlönd hálendisins. Þá eru *sögu- og fornminjasvæði* skilgreind sérstaklega, sem og *vatnsverndarsvæði*. Almennri stefnumörkun verndarsvæða er gerð skil í köflum 2.2 - 2.5.

Verndarheildir eru skilgreind á eftirfarandi hátt:

VERNDARHEILDIR

Á verndarheildum er allri mannvirkjagerð haldið í lágmarki. **Náttúruverndarsvæði** af ýmsu tagi er ríkjandi í landnotkun ásamt *verndarsvæðum, vatnsvernd og verndarsvæðum sögu- og fornminja*. Þar eru einnig mikilvægustu **útlivstarsvæðin** með sæluhúsum, gönguleiðum og reiðleiðum. Í jöðrum verndarheildanna eru víða **þjónustumiðstöðvar ferðamanna og landgræðslusvæði að byggð**.

Verndarheildir liggja utan mannvirkjabeltanna í a.m.k. **2,5 km fjarlægð** frá næstu aðalfjallvegum og orkumannvirkjum; háspennulínnum og miðlunarlónum. Lágmarksstærð eininga í verndarheildum er **25 km²** og allir jöklar Miðhálandisins tilheyra þeim.

2.1.2 Mannvirkjabelti

Helstu mannvirkjabelti Miðhálandisins eru tvö og liggja þvert yfir hálendið með N-S stefnu um Sprengisand og Kjöl, þar sem eru *flutningsæðar raforku og umferðar*, auk *uppistöðulóna*. Á Suðurlandi eru einnig þvertengingar með Byggðalínu um Fjallabakssvæðið að virkjunum á Tungnaárvæðinu og þaðan til vesturs með Búrfellslínu sunnan Langjökuls. Þá er gert ráð fyrir mannvirkjabelti með fyrirhugaðri Fljótsdalslínu á Mývatnsöræfum. Á mannvirkjabeltunum eru einnig helstu *þjónustusvæði ferðamanna*.

Orkuvinnslusvæðin eru einkum í tveimur landshlutum; (i) á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu á Suðrhálandinu á mannvirkjabelti Sprengisands og (ii) á vatnasviðum jökulvatna á jaðarsvæðum verndarheildanna á Norðausturhálandinu, norðan Vatnajökuls. Við afmörkun orkuvinnslusvæða er lögð áhersla á að hlífa sem mest merkustu gróðurminjum og öðrum mikilvægum verndarsvæðum hálendisins. *Meginvegakerfi* hálendisins; aðalfjallvegir og fjallvegir, eru aðlagðir þörfum orkuvinnslunnar og liggja um helstu virkjanasvæði og námunda við miðlunarlón, stíflumannvirki og háspennulínur. Á þann hátt er stuðlað að samnýtingu vega og að "möskvastærð" veganetsins verði sem stærst. Þá skapast á nokkrum stöðum nýir möguleikar á þvertengingum í vegakerfinu á stíflu-stæðum lóna. *Þjónustumiðstöðvar ferðamanna*, jaðarmiðstöðvar og hálendismiðstöðvar, eru jafnan staðsettir við aðalfjallvegi á mannvirkjabeltinu, þar sem meginleiðir skerast og gjarnan þar sem möguleiðar eru á nýtingu jarðhita til upphitunar á húsum. Almennri stefnumörkun byggingaframkvæmda á mannvirkjabeltinu er lýst í köflum 2.7, 2.7 og 2.8.


Mannvirkjabeltin eru skilgreind á eftirfarandi hátt:

MANNVIRKJABELTI

Allri meiriháttar mannvirkjagerð á Miðhálandinu er haldið innan ákveðinna brauta, s.k. mannvirkjabelta.

Á mannvirkjabeltunum eru allir *aðalfjallvegir* (stofnvegir) hálandisins og þau mannvirki sem tengjast *raforkuvinnslu*, þ.e. lónastæði, háspennulfur og sjálf orkuverin. Ennfremur *helstu þjónustusvæði ferðamanna*, þ.e. jaðarmiðstöðvar, hálandismiðstöðvar og nokkur skálasvæðanna. Flestar jaðarmiðstöðvar eru staðsettar í tengslum við byggð í námunda við hálandisjaðarinn.

Gert er ráð fyrir að umsjón og eftirlit með framkvæmd einstakra stefnumarkandi þátta í svæðisskipulagi Miðhálandisins í ríkari mæli færast á hendur viðkomandi sveitarfélaga.



Kort Beltaskipt landnotkun á Miðhálandinu

2.1.3 Önnur svæði

Á skipulagsupprætti eru önnur svæði auðkennd sem landnotkunarflokkur. Hér er um að ræða landssvæði sem eru fábreytt af náttúrufari, auðnir og hásléttur. Í sýslulýsingum er fjallað um önnur svæði í kaflanum meginrættir í landnotkun.

2.1.4 Svæðaskipting eftir náttúrufari

Stefnumörkunin byggir í ríkum mæli á hvers konar náttúrufarsforsendum og mati á verndargildum af öllum gerðum. Ennfremur nýtingarmöguleikum helstu auðlinda hálendins, s.s. orkulindum, neysluvatni, gróðurlendi o.fl. Þessi þættir eru dregnir saman á þemakortum í kafla 6 í B-hluta greinargerðar, sem eru grundvölluð á náttúrufarslegri svæðaskiptingu. Í A-hluta greinargerðar er kort sem sýnir afmörkun á svæðaskiptingu eftir náttúrufari.

Við svæðaskiptinu landsins upp í landslagsheildir er einkum stuðst við jarðfræðilega, þætti, landslag, berggrunn, landmótun og samfellda gróðurþekju. Svæðaskiptingin endurspeglar breytileika og skil í náttúrufari og deilir landi upp eftir landgerðum í tiltölulega einsleit landfræðileg svæði, s.k. landslagsheildir. Mörk landslagsheildanna og deilissvæða þeirra gefur til kynna breytileika í eftirtöldum náttúrufarsþáttum, sem aftur hefur áhrif á mismunandi þætti í mótun tillögunnar:

- **gerð berggrunns**, s.s. afmörkun gosbeltis þar sem eru möguleikar á nýtingu jarðhita, hættusvæði vegna mannvirkjagerðar (eldvirkni, jarðskjálftar) o.fl.
- **þéttleiki berggrunns**, sem m.a. segir til um vatnsleiðni vegna öflunar neysluvatns, takmarkar gerð uppistöðulóna ofl.
- **landslag**, fjalllendi og jöklar sem takmarka aðgegni og mannvirkjagerð, en hafa hins vegar aðdráttarafl vegna ferðamennsku
- **gróðurþekja**, sem m.a. gefur til kynna möguleika eða takmarkar varðandi beitarnýtingu
- **veðurfar**, sem hefur áhrif á skilyrði fyrir gróður, vatnsbúskap, mannvirkjagerð ofl.

Með þessari aðferðafræði eru borin saman náttúruverðmæti af mismunandi gerðum innan einstakra svæða, þar sem eru vegnir saman möguleikar og takmarkanir til nýtingar og verndar. Mörk svæðanna gefur tóninn varðandi ákvörðun um mörk einstakra landnotkunarflokka.

risið gönguskálar með fjarlægð sem tekur mið af dagleið göngufólks. Gert er ráð fyrir merkingu gönguleiða með vegprestum, stikum eða vörðum.

Eftir því sem kostur er gert ráð fyrir aðskilnaði á gangandi umferð frá annari en einstaka gönguleið er jafnframt reiðleið.

GÖNGULEIÐIR

Gönguleiðir skulu eftir því sem kostur er vera aðskildar frá annari umferð. Fjarlægð milli áfangastaða og uppbygging nýrra gönguskála skal taka mið af þægilegri dagleið göngufólks.

2.9 ÚTIVIST OG ÞJÓNUSTUSTAÐIR FERÐAMANNA

Gert er ráð fyrir að uppbygging ferðamannaástöðu verði takmökkuð á Miðhálandinu. Megináhersla verði lögð á uppbyggingu ferðþjónustu á jaðarsvæðum hálandisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum í nánd við aðalfjallvegi, stofnvegi hálandisins.

Fjölsóttustu ferðamannasvæði Miðhálandisins eru ýmist friðlýst eða á Náttúruminjaskrá. Auk þeirra eru tekin frá stór verndarsvæði sem eru öðrum þræði áhugaverð til útivistar og náttúruskoðunar. Þeir þættir sem gefa svæðunum mest gildi er *fjölbreytni í landslagi og náttúruferi*. Mörg svæðanna hafa einnig *verndargildi vegna sögumínja*, sem auka í mörgum tilfellum gildi svæðanna til skoðunar. Nokkur svæði hafa mikið *aðdráttarafl vegna veiðivatna* og eru dæmi um töluverða uppbyggingu í tengslum við slíka starfsemi. *Þá er jarðhita víða* að finna á þessum svæðum, en hann gefur möguleika á hagkvæmri upphitun mannvirkja tengdum ferðamennsku, auk þess að vera aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Í útjöðrum verndarsvæðanna eru víða þjónustusvæði ferðamanna og um þau liggja göngu- og reiðleiðir, sem tengja saman skálasvæði þar sem eru gönguskálar og/eða aðstaða fyrir hestamenn. Á megingönguleiðum yfir hálandið er tekið mið af að fjarlægð milli miðstöðva, skálasvæða og sæluhúsa sé jafnan þægileg dagleið fyrir göngufólk.

ÚTIVIST OG FERÐAMENNSKA

Á ferðamannastöðum er mikilvægt að álag verði í samræmi við þol landsins. Nauðsynlegt er að vanda til móttöku ferðamanna og gera ráðstafanir til að draga úr ágangi á viðkvæma náttúru, s.s. gróið land, hverasvæði o.fl. Leggja þarf áherslu á merkingu gönguleiða og að koma á framfæri upplýsingum um náttúruferi og sögu, þannig að ferðamenn geti kynnt sér svæðin áður en farið er um þau.

Þjónustustaðir ferðamanna eru flokkaðir eftir þjónustustigi og aðgengileika; í *jaðarmiðstöðvar*, *hálandismiðstöðvar*, *skálasvæði* og *sæluhús*. Þessi svæði eru jafnframt byggingarsvæði ferðþjónustunnar. Á jaðarmiðstöðvum og hálandismiðstöðvum eru

byggingarsvæði ferðapjónustunnar. Á jaðarmiðstöðvum og hálendismiðstöðvum eru miðstöðvar upplýsinga- og fræðslustarfs á hálendinu. Nokkrar jaðarmiðstöðvar eru utan skipulagssvæðisins.

Þjónustusvæði ferðamanna eru skilgreind á eftirfarandi hátt:

Jaðarmiðstöðvar

Þjónustumiðstöðvar á jaðarsvæðum Miðhálandisins og efst í byggð við meginleiðir inn á hálendið. Staðir í góðu vegasambandi við þjóðveggi með möguleika á starfrækslu ferðamannapjónustu allt árið. Alhliða ferðapjónusta með gistingu í herbergjum, í skálum og á tjaldsvæðum. Ströngustu kröfur eru gerðar varðandi salernisaðstöðu, meðferð sorps og frærennslis.

Hálendismiðstöðvar

Þjónustumiðstöðvar ferðamanna eru að jafnaði í góðu vegasambandi aðalfjallvegi hálendisins. Starfsemi miðstöðvanna tengist alhliða ferðamennsku, þar með talið þjónusta við vetrarumferð, veiðimenn, hestamenn og skiðafólk. Gott vegasamband og samfelldur rekstur a.m.k. 2-4 mánuði á ári. Gisting er í ríkara mæli í húsum en á tjaldsvæðum og þjónusta er minni en á jaðarmiðstöðvum. Gerðar eru sömu kröfur varðandi meðferð frærennslis og sorps og á jaðarmiðstöðvum.

Skálasvæði

Staðir í góðu vegasambandi en þjónusta minni en á hálendismiðstöðvum. Gistiskálar sem þjóna breiðum hópi ferðamanna, þar á meðal veiðimönnum, göngufólki og hestamönnum, en mörg þessara húsa eru jafnframt gangnamannahús.

SÆLUHÚS


Hús í takmörkuðu eða engu vegasambandi, þ.m.t. gönguskálar, einkaskálar, veiðihús og gangnamannahús. Sæluhús eru, eins og miðstöðvar og skálar, opin fyrir almenning. Þau sæluhús sem eru í einkaeign skulu a.m.k. vera að hluta til opin fyrir almenning.

Gistaðstaða er í svefnpokaplássí og eftir atvikum einnig á tjaldsvæðum þar sem aðstæður leyfa.

Um þjónustusvæði ferðamanna gildir almennt:

- *Eftirlit* með umferð og ferðamennsku á hálendinu verður út frá jaðarmiðstöðvum innan hálendismarka, á hálendismiðstöðvum og á mikilvægum skálasvæðum.
- *Matsala, verslun og sala á eldsneyti* á fyrst og fremst að fara fram á jaðarmiðstöðvum, en í undantekningartilvikum á hálendismiðstöðvum.
- Eftir því sem þörf krefur er sérstök aðstaða fyrir mismunandi þarfir ferðahópa, s.s. *hesthús og hestagerði* á áningarstöðum við helstu reiðleiðir.
- Grundvallarregla um miðstöðvar, skála og sæluhús er *almannanot og öryggis-þáttur* og því skulu þau vera opin öllum a.m.k. að hluta til.
- Krafist er *starfsleyfis* frá heilbrigðiseftirliti fyrir mannvirki þar sem seld er þjónustu til þriðja aðila. Þetta gildir um allar gerðir þjónustusvæða, þ.e. jaðarmiðstöðvar, hálendismiðstöðvar, skálasvæði og sæluhús.

Þjónustustaðir ferðamanna skv. skipulagsáætlun



Mynd ... Fjöldi þjónustastaða ferðamanna skv. skipulagsáætlun

Á eftirfarandi töflu er dregnar saman kröfur sem gerðar eru til mismunandi móttökusvæða ferðamanna:

		Jaðar- miðstöð	Hálendis- miðstöð	Skála- svæði	Sæluhús
VEGASAMBAND	Við aðalfjallvegi	■	■	■	■
	Við fjallvegi	■	■	■	■
	Við aðra vegi	■	■	■	■
	Án vegasambands	■	■	■	■
GISTIÐSTAÐA	Í herbergjum	■	■	■	■
	Svefnpokapláss	■	■	■	■
	Á tjaldsvæðum	■	■	■	■
VERSLUN OG ÞJÓNUSTA	Matsala	■	■	■	■
	Verslun	■	■	■	■
	Bensín	■	■	■	■
	Eftirlit og fræðsla	■	■	■	■
OPNUNARTÍMI	Sumar	■	■	■	■
	Vetur	■	■	■	■
FJÖLDI HÚSA	Að jafnaði nokkur	■	■	■	■
	Að jafnaði eitt	■	■	■	■

Skýringar:

Oftast:



Stundum:



Sjaldnast:



2.10 BYGGINGARMÁL

Um byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi fer samkvæmt byggingar- og skipulagslögum. Umsjón með byggingarmálum hafa embætti byggingarfulltrúa, hvert á sínu svæði.

Vorið 1996 var gerð könnun á ástandi í byggingarmálum á Miðhálandinu í samráði við byggingarfulltrúa þeirra sveitarfélaga sem eiga lögsögu á svæðinu. Niðurstöður þeirrar frumathugunar eru eftirfarandi:

- Fjöldi húsa er um 400
- Eignarhald húsa er þannig að um helmingur er í einkaeign
- Aldur húsa er þannig að 90% voru byggð eftir 1960
- Samþykktir eru til til staðar fyrir um þriðjung húsanna
- Heildarflatarmál er um 15.000 m²
- Gistiryfmi í skálum er fyrir um 3250 manns
- Fráveitumál eru í lagi í um 30% tilfella.

Um einstakar byggingar á Miðhálandinu gilda almenn ákvæði byggingarlaga og reglugerðar. Þetta gildir jafnt um byggingar í þágu ferðapjónustu, vegna nytja eða stórmannvirkjagerðar. Kannað verði hvort þörf sé á sérákvæðum eða sérreglugerðum vegna bygginga á hálendinu, s.s. varðandi sérstakar kröfur um byggingartækni eða um gæðakröfur bygginga, útlit og umhverfi, eftir gerð bygginga (t.d. fyrirmyndardæmi).

2. Skagfirðingavegur hinn forni um Stórasand. Áður var farið á vaði þar sem Blöndulón er nú en sá hluti er aflagður.
3. Eyfirðingaleið sem liggur norðan við Hofsjökul
4. Frá Hveravöllum að Fljótsdrögum.
5. Frá Hveravöllum að Ströngukvísl og þaðan austan við Blöndulón.
6. Eftir Arnarvatnsheiðarvegi til Borgarfjarðar.

6.4.6 Gönguleiðir

Á skipulagsuppdrætti eru aðeins sýndar helstu gönguleiðir. Þær fjölmörgu þjóðleiðir sem liggja um sýsluna, og getið var um í kaflanum um reiðleiðir, eru margar hverjar nýttar sem gönguleiðir um þennan hálendishluta.

Meðfram sunnan og austanverðum Langjökli er þegar komið upp net sæluhúsa (samtals 6). Hveravellir eru þungamiðja á þeirri leið og lagt er til að áframhald þeirra gönguleiðar verði vestan og norðan Langjökuls og er þá gert ráð fyrir að gönguskálar verði byggðir upp með hæfilegri fjarlægð miðað við dagleiðir göngufólks. Til viðbótar þyrfti að byggja sæluhús á 3-4 stöðum.

6.5 FERÐAMÁL

Mörg gjöful veiðivötn eru á þessu svæði og talsverð silungsveiði stunduð þar víða og sumsstaðar allt árið. Þar af leiðandi eru skálar og önnur mannvirki nýttir fyrir veiðimennsku. Þá er fuglaveiði einnig stunduð á þessu svæði. Hveravellir skipa stóran sess sem miðstöð ferðamanna á hálendinu, enda löng hefð fyrir áningarstað þar. Hins vegar gerir tillagan ráð fyrir að létta á slíkum stöðum með uppbyggingu við hálendisjaðarinn og er tillaga um miðstöð við Áfangafell liður í þeirri hugmynd. Um svæðið liggja meginleiðir ferðamanna hvort heldur er akandi, ríðandi eða gangandi Gert er ráð fyrir að margir gagnamannskálar verði notaðir sem áningarstaðir t.d. fyrir skipulagðar göngu- og hestaferðir, sem eru stundaðar víða um svæðið.

Þjónustusvæði ferðamanna eru flokkuð eftir þjónustustigi, aðgengileika ofl.; *jaðarmiðstöðvar, hálendismiðstöðvar, skálasvæði og sæluhús*. Þjónustusvæðin eru skilgreind sem byggingarsvæði, en þau skal deiliskipuleggja áður en framkvæmdir við uppbyggingu hefjast. Allar byggingar sem rísa munu á hálendinu eiga að uppfylla kröfur um hagkvæmni, tæknilega gerð og fagurfræðilegt útlit. Engin mannvirki má byggja nema byggingarleyfi liggi fyrir fer samkvæmt byggingarlögum.

6.5.1 Jaðarmiðstöðvar

Jaðarmiðstöðvar eru alhliða þjónustumiðstöðvar á jaðarsvæðum Miðhálandisins og efst í byggð við meginleiðir inn á hálendið. Svæðin eru í góðu vegasambandi við þjóðvegi með möguleika á starfrækslu ferðamannþjónustu á ársgrundvelli. Ströngustu kröfur eru gerðar varðandi salernisaðstöðu, meðferð sorps og frárennslis.

Í A-Húnavatnssýslu eru ein af sex jaðarmiðstöðvum sem eru innan hálendismarkanna:

1. Áfangi við Áfangafell. Gangnamannhús í eigu Svínvatnshrepps. Húsið er nýlegt, byggt í stað annars sem varð að víkja vegna framkvæmda við Blönduvirkjun. Gistirými eru 30 og auk þess hesthús. Staðurinn er

ákjósanlegur til að létta álagi á hálendismiðstöð á Hveravöllum.

6.5.2 Hálendismiðstöðvar

Hálendismiðstöðvar eru þjónustumiðstöðvar ferðamanna í nánd við aðalfjallvegi (stofnvegi) hálendisins. Starfsemi miðstöðvanna tengist alhliða ferðamennsku, þar með talin þjónusta við vetrarumferð, veiðimenn, hestamenn og skíðafólk. Gott vegasamband og samfelldur rekstur a.m.k. 2-4 mánuði á ári. Gisting er í ríkara mæli í húsum en á tjaldsvæðum og þjónustustig er almennt lægra en á jaðarmiðstöðvum. Gerðar eru sömu kröfur varðandi meðferð frárennslis og sorps og á jaðarmiðstöðvum.

Í hálendishluta A-Húnavatnssýslu er ein hálendismiðstöð að Hveravöllum:

- | | |
|---|---|
| <p>1. Hveravellir á Kili. Hveravellir eru ævafori áningarstaður á elstu hálendisleið milli landsfjórðunga. Árið 1960 voru Hveravellir friðlýstir og var sú friðlýsing endurskoðuð og aukin árið 1975. Það sem einkum gerir staðinn eftirsóknarverðan er hverasvæðið,</p> | <p>sem hann dregur nafn sitt af og þeir gistimöguleikar, sem þar eru fyrir hendi. Ferðafélag Íslands reisti þar sæluhús árið 1938 og annað árið 1979. Eftir að Seyðisá var brúuð er Kjalvegur orðin fær flestum bílum að sumarlagi.</p> |
|---|---|

Skálasvæði

Skálasvæði eru staðir í góðu sambandi við vegakerfi, en þjónustustig jafnan lægra en á hálendismiðstöðvum. Gistiskálar sem þjóna breiðum hópi ferðamanna, þar á meðal veiðimönnum, göngufólki og hestamönnum, en mörg þessara húsa eru jafnframt gangnamannahús.

Á skálasvæðum er gert ráð fyrir að geti byggst nokkur hús að undangengnu deiliskipulagi. Í A-Húnavatnssýslu er gert ráð fyrir einu skálasvæði.

1. **Galtarárskáli.** Gangnamannaskáli við Galtará í eigu Bólstaðahlíðar með gistirými fyrir 36 manns og aðstöðu fyrir hross.

6.5.4 Sæluhús

Á sæluhúsasvæðunum eru hús í takmörkuðu eða engu vegasambandi, þ.m.t. gönguskálar, einkaskálar, áningarstaðir hestamanna, gangnamannahús, ofl. Um sæluhús gildir, eins og um miðstöðva- og skálasvæði, að þau eru opin fyrir almenning. Sama gildir um sæluhús í einkaeigu sem skulu a.m.k. vera að hluta til opin fyrir almenning.

Með tilkomu gönguleiðar umhverfis Langjökul er gerð tillaga um að gönguskálar geti risið meðfram þeirri leið með fjarlægð sem tekur mið af dagleið göngufólks. Samtals gætu það orðið um fjögur sæluhús. Í A-Húnavatnssýslu eru byggingasvæði ferðaþjónustunar sem eru skilgreind sem sæluhús jafnframt gangnamannahús:

1. **Álka.** Gangnamannaskáli byggður 1978 á vegum Ásahrepps með 20 gistirými og aðstöðu fyrir 50 hross. Skálinn er nýttur fyrir ferðapjónustu á sumrin.
2. **Öldumóðsskáli.** Gangnamannaskáli byggður 1978 á vegum Áshrepps með 20 gistirými og aðstöðu fyrir 50 hross. Skálinn er jafnframt nýttur sem veiðihús á sumrin.
3. **Friðmundarvötn að vestan.** Gangnamannhús í eigu Svínavatnshrepps. Húsið er nýlegt, byggt í stað annars sem varð að
- víkja vegna framkvæmda við Blönduvirkjun. Gistirými eru 20.
4. **Bugur.** Gangnamannaskáli fyrir 10 manns á vegum upprekstrarfélags Eyvindarstaðarheiðar við Bugðu og hesthús við Aðalmannsvatn.
5. **Strangakvísl.** Gangnamannaskáli við Ströngukvísl í eigu Bólstaðahlíðar með sambyggðu hesthúsi og gistirými fyrir 32 manns.

6.6 BYGGINGAMÁL

Önnur mannvirki eru gangnamannhús, hús S.V.F.Í, búðir Landsvirkjunar, endurvarpsstöðvar Pósts og síma og skálar í eigu einstaklinga. Hlutverk flestra þeirra er ljós og mörg þeirra gegna mikilvægu hlutverki. Húsin eiga það sameiginlegt að vera ekki opin til almennra nota. Að lokinni vinnu við svæðisskipulagið er lagt til að gerð verði heildstæð könnun á byggingarmálum á Miðhálandi Íslands. Í framhaldi slíkrar könnunar verði settar reglur um samræmda skráningu bygginga á Miðhálandinu og afstaða tekin til bygginga sem byggðar hafa verið heimildarleysi.

Engin hús A-Húnavatnssýslu flokkast sem önnur mannvirki.



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Vonarstræti 4, 150 Reykjavík, Kt. 571189-1519, Sími 560 9600, Grænt nr. 800 6960, Bréfsími 562 4566

ÚRSKURÐUR

Tilvísun

95110109

33-95-25; skipulagsmál

Dagsetning

2.7.1996

TF/--

1. Kröfur og málsatyik:

Þann 20.11.1995 barst ráðuneytinu stjórnsýslukæra frá Páli Sigurðssyni, forseta Ferðafélags Íslands, þar sem hann, í umboði félagsins, með vísun til 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gerir þá kröfu, aðallega, að ráðuneytið felli úr gildi þann hluta aðalskipulags Svínavatnshrepps sem fjallar um Hveravallasvæðið, en til vara, að ráðuneytið veiti Ferðafélagi Íslands stöðuleyfi fyrir núverandi aðstöðu þess á Hveravöllum.

Kærandi rökstyður aðalkröfu sína með því að aðalskipulag Svínavatnshrepps hafi hlotið staðfestingu skipulagsyfirvalda á röngum forsendum um yfirráðasvæði hreppsins. Hveravellir séu ekki innan marka Svínavatnshrepps heldur utan hreppamarka og hreppsnefnd því ekki valdbær aðili til að fjalla um skipulag þess svæðis.

Ennfremur heldur kærandi því fram að við undirbúning aðalskipulagsins hafi verið brotið gegn höfuðreglum stjórnsýslulaga um sérstakar vanhæfisástæður og um jafnræði milli aðilja og jafnframt gegn andmælareglunni og meðalhófsreglunni.

2. Umsagnir:

Kærandi vildi leita frekari sátta við hreppsnefnd Svínavatnshrepps í þessu máli og óskaði eftir því við ráðuneytið að frekari málsmeðferð yrði frestað um sinn. Þegar ljóst var að sáttatilraunir myndu ekki bera árangur, óskaði ráðuneytið, með bréfum dags. 26.1.1996, eftir umsögnum hreppsnefndar Svínavatnshrepps og skipulagsstjóra hreppsins um framangreinda stjórnsýslukæru, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga. Umlysnar skipulagsstjórnar ríkisins var síðan óskað með bréfi ráðuneytisins dags. 27.3.1996. Umsögn hreppsnefndar barst ráðuneytinu með bréfi oddvita

dags. 17.2.1996, umsögn skipulagsstjóra með bréfi dags. 19. s.m. og umsögn skipulagsstjórnar með bréfi dags. 11.4.1996.

Í umsögn hreppsnefndar segir m.a.:

„Hreppsnefndin er sammála um, eftir að hafa kynnt sér stjórnsýslukærana ítarlega, að vísa beri öllum kæruatriðum ... á bug, og vísar í því sambandi á ábyrgð og skyldur sveitarfélagsins samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.“

Skipulagsstjórn gerði umsögn skipulagsstjóra ríkisins að sinni.

Skipulagsstjóri telur ekki, í bréfi sínu, að staðfesting skipulagsyfirvalda hafi verið byggð á röngum forsendum um yfirráðasvæði hreppsins, „... Svínavatnshreppur hafi stjórnsýsluheimildir á því svæði sem aðalskipulagið nær til“ og því séu ekki efni til að fallast á aðalkröfu kæranda vegna þess að staðfesting aðalskipulags Svínavatnshrepps sé byggð á röngum forsendum um yfirráðasvæði hreppsins. Skipulagsstjóri tekur ekki afstöðu til þeirrar málsástæðu kæranda að meginreglur stjórnsýslulaga um vanhæfi og jafnræði hafi verið brotnar eða að ólögmetra sjónarmiða hafi gætt við ákvarðanatöku hreppsnefndar.

Um þá málsástæðu kæranda, að andmælaregla stjórnsýsluréttar hafi verið brotin við kynningu aðalskipulagstillögunnar, vísar skipulagsstjóri til reglna V. kafla skipulagslaga nr. 19/1964 um framlagningu skipulagstillagna, samþykkt þeirra og staðfestingu. Skipulagsstjóri kveður aðalskipulagstillöguna hafa hlotið þá meðferð og kynningu sem gert er ráð fyrir í skipulagslögum. „Fyrirsvarsmenn Ferðafélags Íslands höfðu ... fulla ástæðu og tækifæri til að fylgjast með framgangi málsins og gera athugasemdir innan auglýsts frests. Þó hefði eflaust mátt kynna þeim málið betur á síðari stigum skipulagsvinnunnar.“ - segir orðrétt í bréfi skipulagsstjóra.

3. Niðurstaða ráðuneytisins:

Aðalkrafa:

I

Kærandi krefst þess að sá hluti Aðalskipulags Svínavatnshrepps 1992-2012, er lýtur að Hveravöllum, verði ógiltur sökum þess að hann hlaut staðfestingu skipulagsyfirvalda á röngum forsendum um yfirráðasvæði hreppsins.

Í nefndu aðalskipulagi hreppsins er gengið út frá því að Auðkúluheiði, þ.m.t. Hveravellir, séu *eign* Svínavatnshrepps. Niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur, í málinu nr. E-7638/1994: *Svínavatnshreppur og Torfalækjarhreppur gegn Landsvirkjun*, er hins vegar sú að Auðkúluheiði er eignarland Svínavatns- eða Torfalækjarhrepps. Dómur þessi er hins vegar ekki á staðarmörkum hreppanna eða stjórnsýsluval.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, skiptist byggðin í landinu í staðbundin sveitarfélög. Þrátt fyrir þá breytingu á orðalagi frá fyrri lögum, að kveða nú á um að byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög í stað ríkis áður, verður ekki talið að lögunum hafi verið ætlað að breyta staðarmörkum sveitarfélaga, sbr. greinargerð með frumvarpi laganna er segir:

Rökréttara þykir að orða ákvæðið eins og nú er gert og er með því jafnframt lögð áhersla á muninn á "ríki" annars vegar og "sveitarfélög" hins vegar. Hér er um hliðstæð stjórnvöld að ræða, sem fara með mlsmunandi verkefni.

Í 1. mgr. 3. gr. sömu laga er kveðið á um að sveitarfélög hafi ákveðin staðarmörk sem óheimilt sé að breyta nema með lögum. Í greinargerð með frumvarpi til sveitarstjórnarlaganna segir um þetta ákvæði:

Sveitarfélögin hafa haft ákveðin staðarmörk frá fornu fari, sem tekið hafa lítlum breytingum nema við skiptingu sveitarfélaga. Í 1. mgr. er mælt fyrir um að þau skuli haldast nema þeim sé breytt á þann hátt, sem nánar segir í greininni.

Staðarmörkum Svínavatnshrepps er lýst í Aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012. Staðarmörk hreppsins hafa ekki hlotið sérstaka staðfestingu félagsmálaráðuneytisins, enda hefur slík staðfesting á staðarmörkum sveitarfélaga ekki tíðkast, en lýsingin felur ekki í sér breytingu á því sem talin hafa verið staðarmörk hreppsins. Staðarmörkunum var ekki andmælt í kjölfar lögboðinnar auglýsingar aðalskipulagsins og ekki hafa verið lögð fram gögn í þessu máli er sýna fram á að staðarmörkum hreppsins sé ranglega lýst í aðalskipulagi. Innan þessara staðarmarka falla Hveravellir.

Staðarmörk sveitarfélags kveða ekki á um eignarrétt þess til landsvæðis. Innan staðarmarka hefur sveitarfélag stjórnarsýsluvald, sem gefur því rétt og skyldur til þess að framkvæma tiltekin verkefni sem því er falið að gegna með lögum, þ.á.m. vald til þess að gera aðalskipulag, sbr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarfélag getur einnig verið eigandi að hluta þess landsvæðis er fellur innan staðarmarka þess og fer þá með eignaryfirráð á því svæði.

Aðalskipulagið er samþykkt af hálfu ráðuneytisins með þeim fyrirvara að staðfesting þess nái ekki til marka sveitarfélags í óbyggðum. Með fyrirvara þessum er vísað til þess að aðalskipulaginu sem slíku er ekki ætlað að staðfesta eða breyta staðarmörkum sveitarfélags.

Það er því niðurstaða ráðuneytisins að Hveravellir falli innan staðarmarka Svínavatnshrepps og hreppsnefnd Svínavatnshrepps fari með stjórnarsýsluvald á Hveravöllum og hafi því verið valdbær aðili til þess að fjalla um aðalskipulag þess svæðis.

II

Kærandi krefst þess að sá hluti Aðalskipulags Svínavatnshrepps er lýtur að Hveravöllum, verði ógiltur sökum þess að „eigi hafi verið gætt réttra aðferða við undirbúning þess.“ Kærandi telur að forsvarsmenn hreppsins hafi verið vanhæfir til að taka ákvarðanir um aðalskipulag á

hveravöllum þar sem hreppurinn hafi sjálfur stefnt að uppbyggingu og röðu af svæðinu. Kærandi telur því ákvarðanatöku um gerð þalskipulagsins í andstöðu við meginreglur stjórnsýsluréttarins um sérstakar vanhæfisástæður og jafnræði milli aðilja.

Það er hlutverk aðalskipulags að sýna í einstökum atriðum tefnumörkun hlutaðeigandi sveitarstjórnar um þróun byggðar og inntotkun innan sveitarfélagsins, sbr. 1. mgr. gr. 3.2. skipulagsreglugerðar nr. 318/1985. Staðfestu aðalskipulagi er í senn ætlað að vera stjórnæki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og trygging agsmunaaðila fyrir því að allar framkvæmdir innan marka þalskipulagssvæðisins séu samkvæmt fyrirframgerðri áætlun, sbr. 2. mgr. gr. 3.2. sömu reglugerðar. Í deiliskipulagi ber síðan að gera nánari reikun fyrir notkun lands, tilhögun bygginga og svæða, sbr. 1. mgr. gr. 3.1. skipulagsreglugerðar. Það er hlutverk sveitarstjórnar að móta þalskipulag og það liggur í hlutarins eðli, að viðkomandi sveitarstjórn efur hagsmuna að gæta við mótun þess.

Aðalskipulagi er ekki ætlað að taka á því hverjum muni heimilað að gagnýta sér ákveðin landsvæði í framtíðinni. Í Aðalskipulagi Svínavatnshrepps, kafla 10.1., segir að til þess að undirbúa framkvæmdir þeirra hugmynda er fram komi í aðalskipulagi um Hveravelli, sé „... ákveðið að gert verði deiliskipulag af Hveravöllum og að hreppsnefnd Svínavatnshrepps taki framkvæði um samstarf þeirra stofnana og félaga, en hafa starfsemi á Hveravöllum.

Ekkert kemur fram, í aðalskipulagi því sem hér er deilt um, hverjum verði heimilað að byggja upp umrætt þjónustusvæði.

Með vísan til ofanritaðs, getur ráðuneytið ekki fallist á það að sérstakar vanhæfisástæður liggi fyrir í máli þessu eða að brotið sé á jafnræði milli aðilja í Aðalskipulagi Svínavatnshrepps.

III

Kærandi bendir á þann galla á meðferð hreppsins við undirbúning þalskipulagsins, að halda ekki grenndarkynningu um aðalskipulagið fyrir þeim aðilum sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta. Kærandi telur að með þessu hafi verið brotin hin svonefnda andmæla regla, sem nú hefur verið sögðfest hér á landi.

Aðalskipulagstillaga Svínavatnshrepps hlaut þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir. Tillagan var auglýst í Lögbirtingablaðinu og sögðboðinn frestur veittur til andmæla. Verður að telja að með því hafi andmælaréttur kæranda, sem annarra, verið virtur.

Samkvæmt gr. 3.4. í skipulagsreglugerð skal *stefnt að því* „að kynna sömum og öðrum hagsmunaaðilum í hlutaðeigandi sveitarfélagi einstaka ætti [aðalskipulags] eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 1. mgr.

Fallast verður á það með kæranda að kynna hefði mátt drög þalskipulagsins betur á mótunarstigi, ekki síst fyrir þeim aðilum sem einna hagsmuna höfðu að gæta. Ekki verður þó talið að þessi málsmeðferð hreppsnefndar Svínavatnshrepps valdi ógildi

aðalskipulagsins.

IV

Kærandi telur að við gerð Aðalskipulags Svínavatnshrepps hafi verið brotin svonefnd meðalhófsregla, sem nú hefur verið lögfest í 12. gr. stjórnarsýslulaga, og varði það ógildi aðalskipulagsins. Kærandi telur skipulagsyfyrirvöld hafa gengið lengra en nauðsynlegt var til þess að ná fram eðlilegu skipulagsmarkmiði, sérstaklega með því að sveitarstjórnin hyggist nú sjálf byggja stærra hús á því svæði sem skála kæranda er ætlað að víska.

Í aðalskipulaginu er talið að framkvæmd friðunar inni á hinu svokallaða friðlýsta svæði sé í ýmsu ábótavant. Ástæða er talin til þess að setja fram hugmyndir um úrbætur í þessum efnum og sem nauðsynlegar úrbætur er kveðið á um að „byggingarnar og lagnakerfin inni á friðlýsta svæðinu þurfa að koma út fyrir það ásamt með tjald- og bílastæðum.“ Þó eru „gamli gangnamannaskálinn“ ofan við hverasvæðið og „gamli skáli F.Í.“ nefndir sem hugsanlega undanþegnir frá flutningi.

Lagt er á ráðin með bílastæði og þjónustusvæði við Breiðmelinn, á svæði sem nefnt er "Hvinur", utan við friðlýsta svæðið. Þar er gert ráð fyrir að komið verði fyrir þeim skálum og húsum sem lagt er til að færð verði af friðlýsta svæðinu auk frekari uppbyggingar. Ekki er rætt um frekari uppbyggingu á friðlýsta svæðinu.

Í þessum hluta aðalskipulagsins er verndun náttúru hins friðlýsta svæði látin sitja í fyrirrúmi og verður að telja að þar sé verið að vernda lögmæta hagsmuni. Ekki verður talið, með þetta markmið í huga, að meðalhófsreglan hafi verið brotin og að óþarflega íþyngjandi úrræðum sé beitt hér; verið er að vernda friðlýsta svæðið og þjónusta flutt út fyrir það svæði. Ekki er kveðið á um hverjir munu fá byggingarleyfi á hinu nýja þjónustusvæði.

Ráðuneytið getur því ekki fallist á þá kröfu kæranda að Aðalskipulag Svínavatnshrepps verði ógilt af þessum sökum.

Með vísan til ofanritaðs telur ráðuneytið ekki að ógilda beri þann hluta Aðalskipulags Svínavatnshrepps er tekur yfir Hveravelli.

Varakrafa og þrautarvarakrafa.

Kærandi krefst þess til vara að ráðuneytið veiti kæranda formlegt stöðuleyfi fyrir núverandi aðstöðu þess á Hveravöllum, allt til ársins 2030, en til þrautarvara, allt til ársins 2012. Beiðni kæranda um slíkt stöðuleyfi hefur ekki verið svarað af Hreppsnefnd Svínavatnshrepps en kærandi telur sanngirnisástæður leiða til þess félagið fái að halda aðstöðu sinni á Hveravöllum þennan tíma.

Svo sem bent er á í greinargerð skipulagsstjóra ríkisins, dags. 19. febrúar 1996, er ekki að finna neinar heimildir í byggingarlögum eða -reglugerð, til veitingar stöðuleyfis fyrir húsbyggingar. Stöðuleyfi verða

Samungis veitt fyrir hjólhýsi á skipulögðum hjólhýsasvæðum.

Það er því ekki á valdi ráðuneytisins að veita kæranda umbeðið stöðuleyfi.

Ráðuneytið tekur hins vegar undir þau sjónarmið kæranda að sanngirnirök mæli með því að kærandi fái að halda núverandi aðstöðu sinni á Hveravöllum um einhvern tíma. Kærandi heldur því fram í kæru sinni að Veðurstofa Íslands hafi nú þegar fengið leyfi forsvarsmanna Svínvatnshrepps til að hafa sína aðstöðu á Hveravöllum óhreyfða a.m.k. til ársins 2012. Hafi hreppsnefnd veitt öðrum aðilum leyfi til þess að halda aðstöðu sinni um tíma, telur ráðuneytið sanngjarnt að kæranda verði veitt sambærilegt leyfi.

Niðurstaða ráðuneytisins, með vísan til ofanritaðs, er sú að Svínvatnshreppur fari með stjórnarsýsluvald á Hveravöllum og er því heimilt að fella það svæði undir aðalskipulag hreppsins. Hér er þó ekki verið að fjalla um eignaryfirráð heldur stjórnarsýslumörk og takmarkast vald hreppsins við þau verkefni sem hreppnum er falið að framkvæma í lögum, s.s. skipulagsmál. Þetta ber að hafa í huga við gerð deiliskipulags.

Ráðuneytið telur ekki slíka galla vera að finna á stjórnarsýslulegum meðferð Aðalskipulags Svínvatnshrepps 1992-2012, er valdi óg Ráðuneytið getur ekki orðið við kröfum kæranda í stjórnarsýslukæru þessari en beinir þeim tilmælum til hreppsnefndar Svínvatnshrepps að hún veiti kæranda sanngjarnan frest á flutningi aðstöðu sinnar á Hveravöllum.

4. Úrskurðarorð.

Aðalskipulag Svínvatnshrepps 1992 - 2012 sem staftengt var 2. nóvember 1993, sbr. auglýsingu nr. 227/1993 í B- deild Stjórnartíðinda, skal standa óbreytt. Ráðuneytið getur ekki veitt Ferðafélagi Íslands stöðuleyfi fyrir byggingum sínum á Hveravöllum.

